

## STEFNA

**Samskip hf.**  
**kt. 440986-1539**  
**Kjalarvogi 7-15**  
**104 Reykjavík**

**GERIR KUNNUGT:** Að félagið þurfi að höfða mál á hendur Eimskipafélagi Íslands hf., kt. 690409-0460, Sundabakka 2, 104 Reykjavík, og Vilhelm Mía Baldvinssyni, kt. 010171-5989, Laxalind 8, 201 Kópavogi, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### DÓMKRÖFUR:

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna skriflegrar sáttar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér 16. júní 2021, þar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. lýsti því yfir að hafa átt í samráði við stefnanda á tímabilinu 2008 til 2013 andstætt 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 53. gr. EES-samningsins, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993, m.a. með því að:

- félögin hafi átt í samráði á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi,
- félögin hafi haft samráð um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum,
- félögin hafi átt í samráði um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum,
- félögin hafi haft samráð um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum,
- félögin hafi átt í samráði um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningaþjónustu, og
- félögin hafi haft samráð um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.

Þá krefst stefnandi jafnframt að viðurkennt verði með dómi að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna 3. mgr. 3. gr. í sátt stefnda Eimskipafélags Íslands hf. og Samkeppniseftirlitsins frá 16. júní 2021 þar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. skuldbatt sig til að hætta viðskiptalegu samstarfi við stefnanda.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða félaginu málskostnað að skaðlausu, að mati dómsins eða skv. málskostnaðaryfirliti sem lagt verður fram við aðalmeðferð málsins.

## MÁLFLUTNINGSUMBOÐ OG FYRIRSVAR:

Hörður Felix Harðarson, lögmaður, Mörkinni lögmannsstofu hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda. Forsvarsmáður stefnanda er Kari-Pekka Laaksonen, kt. 230467-3589, stjórnarformaður. Forsvarsmáður stefnda Eimskipafélags Íslands hf. er Óskar Magnússon, kt. 130454-5699, Sámsstaðabakka, 861 Hvolsvelli, stjórnarformaður.

## MÁLSATVIK:

1. Málsaðilar eru alþjóðleg flutningafyrirtæki sem hafa um árabil boðið flutningalausnir hér á landi, á meginlandi Evrópu og víðar. Starfsemi Eimskipafélags Íslands hf. (hér eftir *Eimskip* eða *stefndi*) á rætur að rekja aftur til ársins 1914 en stefnanda til ársins 1991. Stefnandi hefur allt frá stofnun félagsins átt í harðri samkeppni við stefnda en stefndi hefur notið allnokkurra yfirburða á hérlendum flutningamörkuðum og þá ekki síst í sjóflutningum.
2. Málsaðilar hafa lengi eldað grátt silfur saman og er það mat stefnanda að stefndi hafi ítrekað beitt styrk sínum á flutningamörkuðum til að viðhalda eða styrkja ráðandi stöðu félagsins og koma um leið höggi á stefnanda. Á árinu 2002 greip stefnandi til þess ráðs að beina kvörtun til Samkeppnisstofnunar vegna endurtekinnar háttsemi stefnda á sjóflutningamörkuðum sem stefnandi taldi andstæða banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu samkvæmt þágildandi ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993.
3. Rannsókn Samkeppnisstofnunar (síðar Samkeppniseftirlitsins) leiddi til þeirrar niðurstöðu að stefndi hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. nú 11. gr. laga nr. 44/2005, og var stefnda gert að greiða sekt að fjárhæð 310 milljónir króna með ákvörðun í máli nr. 70/2007. Var stefndi talinn hafa gripið til sértækra aðgerða gegn fjölda viðskiptavina stefnanda, auk þess að hafa gert samninga við fjölda fyrirtækja sem innihéldu einkakaupaákvæði eða svokölluð tryggðarákvæði. Voru brotin talin alvarleg og umfangsmikil, auk þess sem sýnt þótti að stefndi hafi haft ásetning til að raska samkeppni með aðgerðum sínum. Afryjunarnefnd samkeppnismála staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um brot stefnda gegn 11. gr. samkeppnislaga en lækkaði sekt fyrirtækisins í 230 milljónir króna.
4. Stefnandi höfðaði í kjölfarið dómsmál til heimtu skaðabóta vegna þess tjóns sem hlaut af ólögmætum aðgerðum stefnda. Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna sem skipaðir voru til að meta tjón stefnanda gætti áhrifa samkeppnislaga brota stefnda gagnvart stefnanda í sex ár eða frá árinu 2001 til og með 2006. Endanlegar lyktir málsins urðu þær að stefnanda voru dæmdar bætur með dómi Landsréttar í máli nr. 934/2018 að fjárhæð 98.144.452 kr., auk vaxta og málskostnaðar.
5. Stefnandi taldi ljóst að stefndi hefði, þrátt fyrir afdráttarlausu niðurstöðu samkeppnisyfirvalda í framangreindu máli, haldið ólögmætum sértækum aðgerðum áfram gagnvart viðskiptavinum stefnanda. Stefnandi sendi af þeim sökum kvörtun að nýju til Samkeppniseftirlitsins 7. maí 2008 vegna háttsemi stefnda á tímabilinu 1. janúar 2007 til 30. apríl 2008 (dskj. 3). Með erindi til Samkeppniseftirlitsins 25. ágúst 2008 var aukið við fyrra erindi enda taldi stefnandi sýnt að aðgerðir stefnda hefðu beinst að fleiri fyrirtækjum en áður var talið (dskj. 8).
6. Talsverð bréfaskipti áttu sér stað í kjölfar þessara erinda en á tímabilinu nóvember 2008 og fram á mitt ár 2010 sendi stefnandi 7 bréf til Samkeppniseftirlitsins þar sem

athugasemndum stefnda var svarað og fyrri erindum fylgt eftir. Þá sendi stefnandi nýja kvörtun til Samkeppniseftirlitsins 16. maí 2008 í kjölfar fréttar af samstarfi stefnda við Atlantsskip í sjóflutningum og síðar yfirtöku stefnda á öllum flutningum sem Atlantsskip höfðu áður sinnt (dskj. 4).

7. Með bréfi sem dagsett er 29. mars 2010 gerðist það hins vegar að Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á ætluðum brotum stefnanda og stefnda á landflutningamarkaði (dskj. 9). Laut rannsóknin einkum að því hvort félögin hefðu undirboðið smærri keppinauta á markaðnum og nýtt til þess styrk félaganna á þeim markaði og sjóflutningamarkaði. Þá var einnig til skoðunar hvort samstarf stefnanda við önnur fyrirtæki á landflutningamarkaði væri andstætt 10. gr. samkeppnislaga. Sambærilegt erindi var sent til stefnda.
8. Við rannsókn málsins var óskað umfangsmikilla upplýsinga og gagna frá félögunum tveimur. Á árunum 2010 og 2011 átti stefnandi í endurteknum samskiptum við Samkeppniseftirlitið, jafnt munnlegum sem skriflegum, vegna rannsóknar málsins. Gríðarleg vinna var lögð í að taka saman svör við upplýsingabeiðnum og afhenda þau gögn sem óskað var eftir við rannsóknina og áhersla á það lögð að aðstoða stofnunina í hvívetna við rannsókn málsins.
9. Með bréfi sem dagsett er 18. maí 2011 sendi stefnandi enn á ný erindi til Samkeppniseftirlitsins vegna grunsemda um að stefndi hefði enn ekki látið af háttsemi sambærilegri þeirri og var til umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 (dskj. 10). Þess var krafist að rannsóknin tæki til samninga og markaðsaðgerða stefnda síðustu 7 ár í starfsemi félagsins. Erindið var sameinað fyrri erindum stefnanda.
10. Með bréfi, dags. 13. desember 2011, tilkynnti Samkeppniseftirlitið stefnanda að meðferð framangreinda erinda hefði tafist vegna anna og var óskað upplýsinga um hvort þær samkeppnishindranir sem kvartað væri undan væru enn til staðar (dskj. 11). Stefnandi krafðist þess með bréfi, dags. 4. janúar 2012, að leyst yrði úr umræddum erindum hið fyrsta, enda væri um umfangsmikil og endurtekin brot að ræða (dskj. 12). Með bréfi dags. 10. ágúst 2012 var stefnanda gerð grein fyrir því að rannsókn framangreindra mála væri lokið af hálfu Samkeppniseftirlitsins og um það efni m.a. vísað til heimilda til forgangsröðunar verkefna (dskj. 13). Stefnandi kærði þá niðurstöðu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti umrædda ákvörðun með vísan til svigrúms stofnunarinnar til mats á efni mála og forgangsröðunar.
11. Stefnandi sendi erindi til Samkeppniseftirlitsins 3. júlí 2013 þar sem færð voru rök fyrir því að breytingar sem stefndi hafði þá innleitt á siglingakerfi sínu væru ekki gerðar á rekstrarlegum forsendum heldur beinlínis í því skyni að koma höggi á stefnanda (dskj. 14). Með því misnotaði stefndi yfirburði sína á umræddum markaði með ólögætum hætti í því skyni að auka enn á yfirburði félagsins.
12. Samkeppniseftirlitið framkvæmdi húsleit á starfsstöðvum stefnanda og stefnda 10. september 2013. Í bréfi, sem stefnanda var afhent þann dag, kom fram að til rannsóknar væru ætluð brot stefnanda og stefnda og tengdra félaga á mörkuðum fyrir sjóflutninga, landflutninga og flutningamiðlun (dskj. 15). Samhliða var stefnanda tilkynnt að rannsókn sem hófst á árinu 2010 á landflutningamarkaði yrði sameinuð þeirri rannsókn sem hófst við húsleitina. Í kjölfarið var stefnanda ennfremur tilkynnt að framangreint erindi frá 3. júlí 2013 yrði ekki tekið til rannsóknar, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins frá 23. október 2013 (dskj. 17). Stefnandi mótmælti þeirri ákvörðun með bréfi dags. 4. nóvember 2013 (dskj. 18) og tæplega ári síðar var stefnanda tilkynnt að erindið yrði sameinað rannsókn á ætluðu samráði stefnanda og stefnda (dskj. 19).

13. Við rannsókn málsins beindi Samkeppniseftirlitið endurtekið ítarlegum gagna- og upplýsingabeidnum til stefnanda. Stefnandi gerði allt sem í valdi félagsins stóð til að verða við kröfum stofnunarinnar og afhenda öll tiltæk gögn. Stóð umrædd upplýsingaöflun yfir með hléum á árunum 2015 til 2019. Í kjölfar húsleitarinnar, og í tengslum við upplýsingabeidnir stofnunarinnar, var af hálfu stefnanda einnig ráðist í úttekt á starfsemi félagsins með tilliti til samráðsákvæða samkeppnislaga. Leiddi sú úttekt ekki í ljós neina augljósa misbrestir enda hafði ávallt verið lögð rík áhersla á eftirfylgni við samkeppnislögin og gott samstarf við Samkeppniseftirlitið.
14. Samkeppniseftirlitið afhenti stefnanda og stefnda frumniðurstöður sínar í málinu í tveimur hlutum og hefur stofnunin kosið að vísa til þeirra sem andmælaskjals I og II. Það fyrra var afhent 6. júní 2018 en það síðara 13. desember 2019 (dskj. 24 og 25). Í skjölunum voru settar fram ályktanir og kenningar um margþætt ætluð brot stefnanda og stefnda gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins sem að mati stefnanda eiga sér enga stoð í gögnum málsins, sem þó eru mikil að umfangi, og í hróplegu ósamræmi við raunveruleg atvik í rekstri félagsins á því tímabili sem rannsóknin tók til, þ.e. einkum árunum 2008-2013.
15. Við tók gríðarleg vinna af hálfu stefnanda við yfirferð allra gagna málsins, sem og annarra gagna úr rekstri félagsins. Athugasemdum var skilað í tvennu lagi, annars vegar 12. og hins vegar 19. júní 2020, þar sem öllum staðhæfingum, kenningum og ályktunum Samkeppniseftirlitsins var hafnað (dskj. 29 og 30). Stefndi skilaði einnig ítarlegum athugasemdum 16. mars og 15. júní 2020 þar sem frumniðurstöðum Samkeppniseftirlitsins var að sama skapi alfarið hafnað (dskj. 27 og 28). Í athugasemdum stefnda var víða farið hörðum orðum um rannsókn Samkeppniseftirlitsins og sönnunarmat. Kenningum stofnunarinnar um svokallað „*NR samráðsverkefni*“, sem var meginstoðin í ályktunum um ætlað ólöglegt samráð félaganna, var í athugasemdum stefnda ítrekað lýst sem „*skálduðum tilbúningi*“ sem ætti „*engar stoðir í raunveruleikanum*“.
16. Hér ber einnig að geta þess að áður en síðari hluti andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins leit dagsins ljós, eða 3. júlí 2019, lagði stefndi fram kröfu í Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem m.a. var krafist viðurkenningar á því að rannsókn Samkeppniseftirlitsins væri ólöglegt og að stofnuninni yrði gert að hætta rannsókninni. Kröfunni var vísað frá dómi með úrskurði héraðsdóms 10. október 2019 á þeim grundvelli að stefndi gæti ekki stutt kröfugerðina við ákvæði laga um meðferð sakamála.
17. Stefndi höfðaði í kjölfarið mál, sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. nóvember 2019, þar sem sambærilegar kröfur voru hafðar uppi. Í málinu var m.a. byggt á því af hálfu stefnda að haldlagning gagna hafi verið ólöglegt, Samkeppniseftirlitið hafi brotið gegn hlutlægnisskyldum og réttindum stefnda við rannsóknina, rannsakendur hafi verið vanhæfir og að óhóflegur dráttur hafi verið á rannsókninni.
18. Rekstur umrædds máls var enn í gangi þegar tilkynnt var opinberlega 10. júní 2021 að Samkeppniseftirlitið og stefndi hefðu degi áður undirritað yfirlýsingu um upphaf sáttaviðræðna (dskj. 31). Innan við viku síðar, eða 16. júní 2021, var gerð grein fyrir því opinberlega að Samkeppniseftirlitið og stefndi hefðu þann dag undirritað sátt (dskj. 32 og dskj. 33).
19. Með sáttinni viðurkenndi stefndi að hafa átt í samskiptum og samstarfi við stefnanda á tímabilinu 2008-2013 sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Nánar tiltekið er því lýst að samráðið hafi falist í aðgerðum

sem gripið hafi verið til eftir fund sem haldinn hafi verið milli stefnanda og stefnda 6. júní 2008 og hafi falist í:

- a. Samráði um breytingar á siglingakerfum síðari hluta árs 2008 og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi
  - b. Samráði um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum
  - c. Samráði um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum
  - d. Samráði um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum
  - e. Samráði um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda og um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu
  - f. Samráði um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga
20. Þá viðurkenndi stefndi einnig að tiltekið samráð hafi verið til staðar við stefnanda áður en fundur hafi verið haldinn milli félaganna 6. júní 2008, m.a. í landflutningum á Norðurlandi, sjóflutningum á grundvelli neyðarsamkomulags og í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.
  21. Stefndi samþykkti að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.500.000.000 króna. Þá skuldbatt félagið sig til að hætta öllu „viðskiptalegu samstarfi“ við stefnanda og til að eiga ekki í samstarfi við önnur fyrirtæki í hvers konar flutningaþjónustu ef stefnandi ætti einnig í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki. Skuldbindingin tæki þó ekki til tilvika þar sem stefndi gæti sýnt Samkeppniseftirlitinu fram á að eðli viðkomandi samstarfs væri með þeim hætti að ekki væri hætta á röskun á samkeppni milli stefnanda og stefnda.
  22. Í kjölfar þessara málaloka hélt rannsókn Samkeppniseftirlitsins áfram á ætluðum þætti stefnanda í málinu en stefndi var laus allra mála. Atti stefnandi í ítrekuðum bréfaskiptum á árunum 2021-2023 þar sem stofnunin freistaði þess að færa fram ný gögn og styðja við fyrri samráðskenningar. Stefndi færði í hverju tilviki fram ítarleg andsvör og hafnaði öllum ályktunum stofnunarinnar sem röngum og tilhæfulausum.
  23. Samkeppniseftirlitið birti ákvörðun í málinu 31. ágúst 2023, sbr. ákvörðun nr. 33/2023, þar sem stefnanda var gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 4 milljarðar króna, auk 200 milljóna króna sektar vegna ætlaðra brota gegn 19. gr. samkeppnislaga (dskj. 39). Þá var stefnanda ennfremur gert að sæta sambærilegum skilyrðum og stefndi undirgekkst með sáttinni 16. júní 2021.
  24. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er endurtekið vísað til þess í umfjöllun um einstök ætluð samráðstilvik að stefndi hafi þegar játað að hafa átt í samráði við stefnanda og að sú játning hafi mikið vægi við sönnunarmatið. Á það ekki síst við um meginstoð samráðskenningar stofnunarinnar, þ.e. svokallað „NR samráðsverkefni“ eða „Nýtt upphaf“, sem forsvarsmenn félaganna tveggja eiga að hafa rætt og sammælt um á fundi 6. júní 2008. Stefndi telst til að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sé vísað a.m.k. 500 sinnum til yfirlýsinga í sátt stefnda, í því skyni að færa sönnur á ætluð brot stefnanda.
  25. Stefndi telur ljóst að kenningar um fyrrnefnt „NR samráðsverkefni“ / „Nýtt upphaf“ séu með öllu tilhæfulausar eða „skáldaður tilbúningur“ svo notuð séu orð úr athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins. Það sama á við um

allar ályktanir sem dregnar eru af þessu ætlaða verkefni í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Þá telur stefnandi ljóst að þau viðskipti sem stefnandi og stefndi áttu sannanlega í hafi verið fullkomlega samrýmanleg 10. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig 15. gr. sömu laga.

26. Eins og nánar verður rakið í umfjöllun um einstakar málsástæður hér á eftir þá telur stefnandi ljóst að ákvörðun stefnda um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið hafi ekki verið byggð á endurmati á atvikum í málinu eða breyttri afstöðu til ætlaðra brota. Stefnandi telur ljóst að lýsingar í athugasemdum stefnda við bæði fyrri og seinni hluta andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins á atvikum í rekstri stefnda séu sannar og gefi rétta mynd af því sem raunverulega átti sér stað í rekstri félagsins á meintu samráðstímabili. Þá liggur fyrir að engar nýjar upplýsingar eða yfirlýsingar starfsmanna lágu til grundvallar þeirri breyttu afstöðu sem birtist í sáttinni sem stefndi undirgekkst.
27. Að mati stefnanda er ljóst að ákvörðun stefnda um að ganga til sáttar var einfaldlega rekstrarleg og taktísk ákvörðun nýrra stjórnenda og eigenda stefnda. Ákvörðunin hefur reynst farsæl fyrir félagið og hluthafa þess og hún var til þess fallin að styrkja enn frekar stöðu félagsins á flutningamörkuðum, svo sem nánar verður rakið hér á eftir. Ákvörðun um að játa sök og undirgangast sekt þjónaði beinlínis hagsmunum félagsins í samkeppni við stefnanda, sem hefur sem fyrr segir reynst stefnda óþægur ljár í þúfu til fjölda ára.
28. Stefnandi beindi erindi til stefnda 26. september 2023 þar sem yfirlýsingum í sátt félagsins um ætlað samráð við stefnanda var harðlega mótmælt sem röngum (dskj. 42). Í bréfinu var því lýst að um væri að ræða mjög alvarlega atlögu að stefnanda enda væri félagið með þessu ranglega sakað um ólögmdæta háttsemi, sem jafnframt gæti verið refsiverð fyrir núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsins ef réttar væru.
29. Í bréfinu var gerð grein fyrir því að yfirlýsingar í sátt stefnda hafi ekki verið gefnar í góðri trú enda lægi afstaða stefnda til umræddra atvika fyrir í ítarlegum athugasemdum við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins. Ætla yrði að þær athugasemdir hafi verið unnar í nánu samstarfi við þá starfsmenn stefnda sem best þekktu til atvika og gæfu rétta mynd af atvikum í rekstri félagsins. Yrði að virða stjórnendum stefnda það til ásetnings, eða að lágmarki gáleysis, að hafa eftir sem áður undirgengist sátt þar sem stefnandi er endurtekið borinn röngum sökum. Áburður af þessum toga geti verið refsiverður skv. XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess að vera andstæður lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
30. Þá var því enn fremur lýst að stefnda hafi verið ljóst, eða a.m.k. mátt vera ljóst, að Samkeppniseftirlitið myndi nota umrædda sátt og yfirlýsingar stefnda sem lykilgagn til stuðnings ásökunum gagnvart stefnanda. Þá hafi stefnda einnig verið ljóst að með því að samþykkja að greiða hæstu sekt sem sögur fara af í hérlendum samkeppnismálum hafi félagið tryggt að stefnanda yrði gerð enn hærri sekt í endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Með því móti hafi stefndi með beinum hætti stuðlað að því að stefnandi yrði fyrir miklum skakkaföllum í rekstri og veikt samkeppnisstöðu félagsins. Stefndi beri bótaábyrgð á tjóni sem af þessu hafi þegar hlotist og muni hljótast í rekstri stefnanda.
31. Í bréfinu var þess enn fremur óskað að stefndi upplýsti hvernig staðið hafi verið að ákvörðun um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið. Hafi ákvörðunin verið samþykkt af stjórn stefnda var óskað upplýsinga um dagsetningu fundar og hvaða stjórnarmenn hafi staðið að þeirri ákvörðun. Þá var stefnda gerð grein fyrir því að stefnandi hefði í hyggju að höfða mál til staðfestingar á bótaskyldu stefnda vegna framangreindrar háttsemi en boðið var upp á viðræður ef stefndi hefði hug á að leita samninga um lok málsins.

32. Svarbréf barst frá stefnda 9. október 2023 þar sem stefndi hafnaði bótaskyldu. Þá hafnaði stefndi því enn fremur að veita stefnanda þær upplýsingar sem óskað hafði verið eftir í áðurgreindu bréfi (dskj. 46). Stefnanda er af þessum sökum nauðsyn að höfða mál til viðurkenningar á bótaskyldu stefnda.

## MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

### I. Almennt um bótagrundvöllinn

33. Stefndi byggir á því að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi með því að gefa rangar og villandi yfirlýsingar í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið. Yfirlýsingarnar hafi nú þegar valdið umtalsverðu tjóni í rekstri stefnanda og séu til þess fallnar að valda tjóni í rekstri stefnanda til langframa. Tjón stefnanda sé bein afleiðing saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefnda. Stefndi byggir einkum á almennu skaðabótareglunni (sakarreglunni) en jafnframt á reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð en stefndi ber ábyrgð á saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanna sinna sem komu að ákvörðun um að ganga til sáttar þessa efnis við Samkeppniseftirlitið.
34. Stefndi byggir á því að hver og ein yfirlýsing í sátt stefnda, sem nánari grein verður gerð fyrir í kafla III hér á eftir, teljist sjálfstætt saknæmt og ólögmætt atvik sem leiði til bótaskyldu. Þá byggir stefndi að sama skapi á því að skuldbinding stefnda í sáttinni um að hætta öllu viðskiptalegu samstarfi við stefnanda teljist sjálfstætt bótaskyld atvik.

### II. Háttsemi stefnda var ólögmæt

#### a) Rangar sakargiftir skv. XV. kafla almennra hegningarlaga

35. Eins og vikið var að í málsatvikalýsingu hér að framan þá hefur stefndi lýst því yfir gagnvart opinberu stjórnvaldi, Samkeppniseftirlitinu, að félagið hafi átt í samráði við stefnanda á árunum 2008-2013 sem hafi verið í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Með þeirri yfirlýsingu bar stefndi stefnanda sökum um ólögmæta, og eftir atvikum refsiverða, háttsemi enda er það hugtaksskilyrði skv. 10. gr. samkeppnislaga að tvö eða fleiri fyrirtæki hafi átt hlut að máli. Í yfirlýsingu stefnda fólst ótvírætt ásökun um að stefndi hafi staðið að umræddum brotum ásamt stefnda.
36. Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga liggja stjórnvaldssektir við brotum gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins og geta þær numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá fyrirtæki sem aðild á að broti. Sökum þess hversu þungbærar sektir skv. 37. gr. samkeppnislaga geta reynst fyrirtækjum hefur verið talið að um refsingu eða refsikennnd viðurlög sé að ræða í skilningi 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá geta legið sektir eða fangelsi allt að sex árum við broti einstaklinga gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 41. gr. a þeirra laga.
37. Stefndi telur í ljósi þessa að stefndi hafi með þeim yfirlýsingum í sátt við Samkeppniseftirlitið sem tilgreindar eru í kröfugerð veitt rangar upplýsingar til Samkeppniseftirlitsins og gerst sekur um rangar sakargiftir gagnvart stefnanda og núverandi og fyrrverandi starfsmönnum félagsins. Háttsemi stefnda fellur undir XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einkum 145.-149. gr. laganna.

b) *Brot gegn 2. mgr. 41. gr. b samkeppnislaga nr. 44/2005*

38. Umræddar staðhæfingar í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið eru ennfremur í andstöðu við 2. mgr. 41. gr. b samkeppnislaga, sbr. 19. gr. laganna, en samkvæmt umræddu ákvæði skal hver sá sem veitir Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með vísan til umfjöllunar hér á eftir um yfirlýsingar í sátt stefnda telur stefnandi ljóst að stefndi hafi vísvitandi veitt stjórnvaldinu rangar upplýsingar. Brot stefnda gegn upplýsingagjöf skv. 19. gr. laganna getur ennfremur leitt til sekta, sbr. i-lið 1. mgr. 37. gr. laganna.

c) *Brot gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 54. gr. EES-samningsins*

39. Þá telur stefnandi að stefndi hafi með umræddri háttsemi misnotað markaðsráðandi stöðu félagsins og með því gerst brotlegur gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngupjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.
40. Þeir markaðir sem hér skipta máli eru markaðir fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 var að undangenginni ítarlegri rannsókn lagt til grundvallar að markaðir þess máls væru annars vegar markaður fyrir farmflutninga með reglubundnum áætlunarsiglingum milli Íslands og hafna í Evrópu og hins vegar milli Íslands og Norður-Ameríku. Þessi markaðsskilgreining var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008. Þessar markaðsskilgreiningar hafa einnig verið lagðar til grundvallar í nýrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, sbr. m.a. nr. 46/2009, 29/2015 og 13/2019. Stefnandi telur að leggja beri þessar skilgreiningar markaða til grundvallar í málinu enda hafi aðstæður á markaði eða í starfsemi stefnda ekki breyst að þessu leyti.
41. Við mat á því hvort fyrirtæki teljist markaðsráðandi hefur í framkvæmd samkeppnisyfirvalda, sem staðfest er í dómaframkvæmd jafnt héraðs sem á vettvangi Evrópusambandsins, verið talið að há markaðshlutdeild geti ein og sér talist sönnun þess að fyrirtæki sé markaðsráðandi. Þetta eigi við um fyrirtæki sem náð hafi 50% hlutdeild eða meira á markaði en geti einnig átt við um tilvik þar sem hlutdeildin er lægri. Við greiningu á markaðshlutdeild er að jafnaði horft til tekna fyrirtækja. Við greiningu á hlutdeild fyrirtækja á sjóflutningamörkuðum hefur hins vegar að jafnaði verið horft til magns. Var m.a. horft til þess í tilvitnaðri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 70/2007.
42. Greining Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að hlutdeild stefnda í flutningum milli Íslands og Evrópu hafi á umræddum tíma (árin 1999-2002) verið á bilinu 65-80% en á bilinu 70-90% í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Þessar staðreyndir einar og sér voru taldar veita mjög sterka vísbendingu um markaðsráðandi stöðu stefnda á markaðnum, auk þess sem fyrir lá að stefndi hafði notið hlutdeildar af þessum toga til fjölda ára. Þá var stefndi talinn hafa mikla fjárhagslega og efnahagslega yfirburði yfir keppinauta og framboð félagsins á markaði væri margfalt meira en stefnanda eða annarra keppinauta. Var stefndi því ótvírætt talinn í ráðandi stöðu á umræddum mörkuðum.
43. Stefnandi telur að stefndi sé enn í ráðandi stöðu á umræddum mörkuðum og hafi verið í markaðsráðandi stöðu á báðum mörkuðum þegar ákvörðun var tekin um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið. Í þessu sambandi vísar stefnandi m.a. til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2019 þar sem hlutdeild skipafélaga á markaði fyrir



áætlunarsiglingar til og frá Evrópu var metin. Í ljós kom að hlutdeild stefnda á umræddum markaði á árunum 2014-2018 var á bilinu 60-70%. Í því ljósi, og með tilliti til þess að hlutdeild félagsins var á umræddu tímabili um tvöfalt hærri en stærsta keppinautarins, stefnanda, taldi Samkeppniseftirlitið að stefndi væri í markaðsráðandi stöðu.

44. Með tilvitnaðri ákvörðun var stefnda heimilað að eiga í umfangsmiklu samstarfi við annað markaðsráðandi skipafélag, Royal Arctic Line, og hafa félögin frá þeim tíma verið með 3 flutningaskip í samrekstri á umræddum markaði. Flutningsgeta skipanna er gríðarleg og hagkvæmni aukin af samstarfi þessara tveggja markaðsráðandi fyrirtækja. Stefndi hefur því styrkt stöðu sína enn frekar á umræddum markaði. Stefndi telur því fyllilega ljóst að stefndi var í afgerandi markaðsráðandi stöðu á umræddum markaði á árinu 2021 og er enn þann dag í dag.
45. Þá ber að vekja athygli á því að stefndi hefur allt frá árinu 2015 verið eina skipafélagið sem býður upp á beina flutninga í áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku. Stefndi hefur frá þeim tíma ekki staðið til boða að eiga viðskipti við stefnda á umræddri flutningaleið, svo sem félagið hafði gert nær óslitið frá árinu 1993. Stefndi er því í einokunarstöðu í beinum flutningum á umræddri leið. Þá hefur hlutdeild stefnda í heildarflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku, að teknu tilliti til þess magns sem flutt er í gegnum Evrópu (TAS), að sama skapi aukist umtalsvert og ljóst að félagið er í svokallaðri einstakri yfirburðastöðu á umræddum markaði. Hlutdeild stefnanda í flutningum til og frá Norður-Ameríku hefur fallið jafnt og þétt frá árinu 2015 eða úr því að vera 30,4% það ár í innflutningi í 12,3% árið 2022. Í útflutningi var hlutdeild stefnanda 4,7% á árinu 2015 en 1% árið 2022 (dskj. 47).
46. Þá er ástæða til að vekja athygli á því að efnahagslegir yfirburðir stefnda voru á árinu 2021 meiri en nokkru sinni fyrr. Sama dag og stefndi tilkynnti um gerð sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið birti félagið afkomuviðvörðun þar sem félagið gerði grein fyrir því að afkoma þess á öðrum ársfjórðungi 2021 yrði „*umtalsvert betri*“ en á sama tíma árið áður (dskj. 34). Þannig var aðlöguð EBITDA, án áhrifa sáttarinnar, sögð verða á bilinu 3,8-4,3 milljarðar króna. EBIT hagnaður hækkaði frá fyrra ári á ársfjórðungnum um sambærilega fjárhæð og sem nam sektargreiðslunni til Samkeppniseftirlitsins.
47. Afkoma ársins 2021 hjá stefnda var með afbrigðum góð, aðlöguð EBITDA nam 114,3 milljónum evra samanborið við 61,7 milljónir evra á árinu 2020 (dskj. 36). Hagnaður jókst úr 4,5 milljónum evra í 50,6 milljónir evra og lagt var til á aðalfundi félagsins 2022 að 17,7 milljónir evra yrðu greiddar í arð til hluthafa og hlutafé lækkað um 7,5 milljónir evra. Til samanburðar þá hefur arður ekki verið greiddur úr rekstri stefnanda til endanlegra eigenda félagsins frá stofnun þess. Í ljósi alls framangreinds getur enginn vafi leikið á því að stefndi var í afar sterkri markaðsráðandi stöðu á umræddum mörkuðum á árinu 2021.
48. Af orðalagi, lögskýringargögnum, framkvæmd samkeppnisyfirvalda og dómaframkvæmd, jafnt hér á landi sem á vettvangi Evrópusambandsins, er ljóst að þau tilvik sem talin eru upp í 2. mgr. 11. gr. samkeppnislaga eru ekki tæmandi talin heldur sett fram í dæmaskyni. Hugtakið misnotkun er hlutlægt og vísar til hegðunar markaðsráðandi fyrirtækis sem er til þess fallin að hafa áhrif á gerð tiltekins markaðar þar sem samkeppni er þegar takmörkuð vegna tilvistar markaðsráðandi fyrirtækis. Hegðunin felst í aðgerðum sem geta ekki talist til eðlilegrar samkeppni (e. „*normal competition*“ eða „*competition on the merits*“). Markaðsráðandi fyrirtæki er óheimilt að bæta stöðu sína á markaði með öðrum aðgerðum en heilbrigðri samkeppni á grundvelli rekstrarlegrar frammistöðu fyrirtækisins.

49. Í þessu felst að markaðsráðandi fyrirtæki er óheimilt að grípa til nokkurra ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum eða misbeita stöðu sinni með öðrum hætti. Stefnandi byggir á því að ákvörðun markaðsráðandi fyrirtækis um að gera samkomulag við stjórnvald, þar sem keppinautur er með skriflegum yfirlýsingum ranglega sakaður um ólöglegt samráð, og þannig stuðlað að því að samkeppnisstaða keppinautarins sé veikt verulega, teljist til misnotkunar í skilningi ákvæðanna. Stefnanda var ljóst, eða mátti vera það ljóst, að ákvörðun félagsins um að greiða gríðarlega háa sekt, þá hæstu í sögu samkeppnismála hér á landi, myndi sjálfkrafa leiða til þess að helsta keppinauti félagsins yrði gerð enn hærri sekt (dskj. 37). Er þar horft til áralangrar framkvæmdar samkeppnisyfirlalda. Þá var stefnanda það ljóst að efnahagslegur styrkur stefnanda var umtalsvert annar og minni og líklegt væri að félagið yrði fyrir verulegum skakkaföllum við þessa ákvörðun stefnanda. Eins og rakið hefur verið þá er hins vegar ljóst að efnahagslegur styrkur stefnanda var slíkur á umræddum tíma að ekki sá högg á vatni í methagnaðartölum félagsins umrætt ár.
50. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið telur stefnandi engan vafa geta leikið á því að háttsemi stefnanda braut gegn þeim skyldum sem á félaginu hvíldu á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins.

*d) Háttsemi stefnanda var andstæð lögum nr. 57/2005*

51. Stefnandi telur að lokum að háttsemi stefnanda hafi verið andstæð lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með lögnum er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi, sbr. 5. gr. laganna. Samkvæmt 13. gr. er óheimilt að viðhafa nokkuð það sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir. Af hálfu stefnanda er á því byggt að háttsemi stefnanda geti hvorki talist til réttmætra né góðra viðskiptahátta. Rangar yfirlýsingar stefnanda til Samkeppniseftirlitsins um ætluð lögbrot stefnanda hafi verið andstæðar tilgreindum réttarreglum.
52. Þá telur stefnandi að háttsemi stefnanda hafi ennfremur brotið í bága við ákvæði 14. gr. sömu laga þar sem bann er lagt við því að fyrirtæki veiti rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða beiti öðrum viðskiptaaðgerðum sem eru sama marki brenndar gagnvart keppinautum. Rangar yfirlýsingar stefnanda til Samkeppniseftirlitsins voru að mati stefnanda ótvírætt til þess fallnar að hafa óeðlileg áhrif á starfsemi stefnanda og eftirspurn eftir þjónustu félagsins.

*III. Yfirlýsingar í sátt stefnanda*

*a) Almenn um efni yfirlýsinganna*

53. Eins og málið horfir við stefnanda þá má skipta ásökunum stefnanda í garð stefnanda í tvo flokka. Þannig er því annars vegar haldið fram að félögin hafi á fundi 6. júní 2008 og í framhaldi hans ákveðið að ráðast í samstarf sem hafi falist í breytingum á siglingakerfum félaganna, takmörkun á flutningsgetu, skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum og álagningu gjalda og afsláttarkjör. Þessar ásakanir eru mjög alvarlegs eðlis enda væri um gróf brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins að ræða ef réttar væru.
54. Hins vegar er því haldið fram af stefnanda að viðskipti félaganna á afmörkuðum svæðum í landflutningum, tilfallandi flutningar á gámum til og frá Evrópu (svokallað neyðarsamkomulag) og samningur félaganna um flutninga til og frá Norður-Ameríku hafi verið ólöglegt samráð. Ekki er ágreiningur milli félaganna um að þessi viðskipti

félaganna hafi átt sér stað. Stefnandi telur hins vegar ljóst að viðskiptin hafi verið lögmæt, auk þess að vera mjög jákvæð í samkeppnislegu tilliti. Yfirlýsing stefnda um að í þeim hafi falist ólögmætt samráð sé alröng.

55. Í báðum tilvikum eru ásakanir stefnda rangar en fyrri tilvikið er hins vegar sýnu alvarlegra en það síðara. Eins og nánar verður rakið hér á eftir þá áttu félögin ekki í neinum umræðum um þetta efni, hvorki á fundinum 6. júní 2008 eða utan hans. Þá er ljóst að glærुकyning sem virðist hafa verið í vinnslu hjá starfsmönnum stefnda um nokkurn tíma á árunum 2006-2008 er stefnanda með öllu óviðkomandi. Sú glærुकyning barst aldrei til stefnanda eða starfsmanna félagsins né var efni hennar til umræðu á milli félaganna. Ásakanir stefnanda um að félögin tvö hafi ákveðið að ráðast í umfangsmikið samráð sem taka skyldi til flestra þátta í starfsemi félaganna eru að öllu leyti tilhæfulausar. Stefnandi tók alfarið sjálfstæðar ákvarðanir um alla þætti í rekstri félagsins. Á það jafnt við um rannsóknartímabilið sem önnur tímabil í rekstri félagsins. Til grundvallar þessum röngu yfirlýsingum stefnda liggja hins vegar rekstrarlegar ástæður og annarlegar hvatir sem stefndi þarf að standa skil á.

b) *Fundur 6. júní 2008 og „Nýtt upphaf“ glærुकyning*

56. Í 1. gr. sáttar stefnda og Samkeppniseftirlitsins er tilgreint að stefndi viðurkenni að alvarlegt brot félagsins hafi falist í aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008.“ Með þessari yfirlýsingu stefnda viðurkenndi félagið að hryggjarstykkið í kenningum Samkeppniseftirlitsins um efni ætlaðs samráðsfundar með forsvarsmönnum stefnanda 6. júní 2008 væri á rökum reist. Samkvæmt kenningum Samkeppniseftirlitsins eiga forsvarsmenn félaganna tveggja að hafa ákveðið á umræddum fundi að ráðast í allsherjarsamráð sem hafi tekið til flestra þátta í starfsemi félaganna tveggja. Telur stofnunin að umræðuefni fundarins hafi tekið mið af glærुकyningu sem fannst við húsleit hjá stefnda og bar heitið „Nýtt upphaf“. Þeim hugmyndum sem reifaðar voru í umræddri glærुकyningu hafi verið hrint í framkvæmd í kjölfar fundarins.
57. Þessar kenningar Samkeppniseftirlitsins, sem er grunnurinn að margþættum ályktunum um alls kyns ætluð brot í starfsemi félaganna tveggja, eru hreinn skáldskapur frá upphafi til enda. Fyrir það fyrsta þá sýna gögn sem haldlögð voru hjá stefnda glöggt að unnið hafði verið að verkefni með umræddu heiti allt frá árinu 2006. Um var að ræða hugleiðingar um mögulegar sparnaðaraðgerðir sem stefndi gæti mögulega ráðist í. Verkefnið eða umrædd glærुकyning hafði nákvæmlega enga tengingu við fund forsvarsmanna félagsins 6. júní 2008.
58. Þá liggur í öðru lagi fyrir að glærुकyningin fannst ekki við húsleit hjá stefnanda, né nokkur merki þess að kynningin eða efni hennar hafi verið rætt við starfsmenn stefnanda. Stefnandi heyrði fyrst af umræddri kynningu á árinu 2018 þegar efni hennar var borið undir fyrrum stjórnendur félagsins við yfirheyrslur hjá lögreglu. Eðli málsins samkvæmt höfðu starfsmenn stefnanda enga vitneskju um þær hugmyndir sem reifaðar voru í innanhússkjali hjá stefnda.
59. Þá eru í þriðja lagi engin áhöld um það hvað fram fór á fundinum 6. júní 2008. Fundinn sóttu af hálfu stefnda Gylfi Sigfússon, þáverandi forstjóri félagsins og Sindri Sindrason, þáverandi stjórnarformaður félagsins. Af hálfu stefnanda sóttu fundinn Ólafur Ólafsson, aðaleigandi stefnanda, og Ásbjörn Gíslason, þáverandi forstjóri félagsins. Til fundarins var boðað að frumkvæði Ólafs Ólafssonar og tilefnið var áhugi hans og stefnanda á tilteknum rekstrareiningum stefnda í Evrópu. Fyrir lá að stefndi var á þessum tíma í

fjárhagslegum örðugleikum og fram hafði komið opinberlega að félagið hygðist selja eignir, þar á meðal rekstrareiningar sem stefnandi kynni að hafa hug á að kaupa.

60. Þær eignir sem um ræðir voru annars vegar rekstur frystigeymslna í Hollandi (Daalimpex) og hins vegar finnskt gámaflutningafyrirtæki í svokölluðum „*short sea*“ siglingum frá Finnlandi og í Eystrasalti (Containerships). Sáu stjórnendur stefnanda ýmis tækifæri í að sameina einingarnar við rekstur félagsins. Gögn sem fram komu við rannsókn Samkeppniseftirlitsins sýndu glögg áhuga stefnanda á umræddum eignum og undirbúning sem átti sér stað fyrir fundinn með forsvarsmönnum stefnda. Þannig má sjá að Ólafur Ólafsson sendi Ásbirni Gíslasyni tölvupóst daginn fyrir fundinn, 5. júní 2008 (dskj. 5). Meðfylgjandi tölvupóstinum var skýrsla frá Eglu sem titluð var „*Analysis of Containerships*“. Umrætt skjal, sem er samtímagagn, staðfestir með skýrum hætti framangreinda fullyrðingu stefnanda. Þannig segir efst í skjalinu um „*Containerships*“ undir „*Key points*“: „*Most valuable part of Eimskip from Samskip's point of view – routes complement our network*“. Auk þess er í skjalinu að finna fjárhagslega greiningu á stöðu Containerships.
61. Athygli er vakin á því að Containerships sinnti engum siglingum til eða frá Íslandi heldur sérhæfði sig í „*short sea*“ siglingum á meginlandi Evrópu, einkum á milli hafna í Hollandi, Finnlandi, Litháen, Lettlandi og Rússlandi. Þá vekur stefnandi athygli á því að „*short sea*“ siglingar eru annars eðlis en áætlunarsiglingar til og frá Íslandi og um þær gilda önnur lög. Flutningarnir fara mestmegnis fram í 45 feta gámum andstætt 40 og 20 feta gámum í áætlunarsiglingum yfir Norður-Atlantshafið. Áhugi stefnanda tengdist því ljóslega mögulegum samlegðaráhrifum sem gætu fylgt slíkum kaupum varðandi siglingakerfi stefnanda á meginlandi Evrópu.
62. Til marks um framangreint vísast ennfremur til tölvupósts Hjörleifs Jakobssonar til Ólafs Ólafssonar sama dag. Þar kemur eftirfarandi fram svart á hvítu: „*Varðandi viðræður við Eimskip vill ég vara við því að Samskip ráðist í frekari fjárfestingar s.s. Containerships. Það er mitt mat að Samskip hafi ekki stjórnunarlega burði til að ráðast í frekari slíkar fjárfestingar.*“ (dskj. 6) Hjörleifur Jakobsson, sem forstjóri Kjalars, aðaleiganda stefnanda, vildi þannig stíga varlega til jarðar hvað auknar fjárfestingar varðaði í ljósi ástands á mörkuðum á umræddum tíma. Þessi samtímagögn eru því til marks um það sem raunverulega fór fram á fundinum 6. júní 2008, þ.e. könnun stefnanda á mögulegum fjárfestingum í erlendum eignum stefnda.
63. Samskipti í kjölfar umrædds fundar staðfesta þetta enn frekar en í því sambandi vísast m.a. til tölvupósts Ásbjörns Gíslasonar frá 10. júní 2008 (dskj. 7). Líkt og efni tölvupóstsins gefur til kynna upplýsti Ásbjörn erlenda stjórnendur systurfélaga áfrýjanda um hugsanlegan áhuga stefnda á að selja stefnanda annars vegar hlut félagsins í Containerships („*should be able to negotiate a favourable/long term agreement for us*“) og hins vegar Daalimpex („*they dont see themselves as owners of Daalimpex for the long run*“). Vegna þessa taldi Ásbjörn rétt að koma á tengingu milli stjórnenda stefnda og stjórnenda stefnanda erlendis, sbr. m.a. tilvísun til „*Containership discussions*“ í tölvupóstinum. Áréttu ber að ef af þessum kaupum hefði orðið hefði kaupandinn ekki verið stefnandi Samskip hf. heldur móðurfélag þess, stefnandi Samskip Holding BV, enda um að ræða rekstrareiningar erlendis. Tilvitnaðir stjórnendur stefnanda, Peder Winther, framkvæmdastjóri frystivöruflutningasviðs stefnanda, og Jens Holger Nielsen, framkvæmdastjóri Samskip Multimodal Container Logistics, báru enda ábyrgð á erlendum systurfélögum stefnanda og því eðlilegt af hálfu Ásbjörns að reyna að leiða saman þessa stjórnendur og Braga Þór Marinósson til þess að kanna til

hlítar hvort einhver flötur væri á kaupum á eignunum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að Bragi Þór var framkvæmdastjóri alþjóðasviðs stefnda og bar því ábyrgð á rekstri félagsins utan Íslands.

64. Í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 16. mars 2020 er réttilega m.a. greint þannig frá efni fundarins 6. júní 2008 (dskj. 27, bls. 63):

„Fyrir liggur að á fundinum hafði ÓÓ vitneskju um að A1998 væri í þröngri stöðu, enda þær upplýsingar á allra vitorði, og leitaðist við að selja eignir. ÓÓ vildi komast yfir þessar eignir, en tekið var fálega í þær umleitanir af hálfu fulltrúa A1998, af augljósum samkeppnislegum ástæðum.“

65. Starfsmenn stefnda hafa einnig staðfest skilmerkilega hvað umræddur fundur og samskipti honum tengd gengu út á. Bragi Þór Marinósson lýsti þessu m.a. svo við skýrslugjöf hjá lögreglu (dskj. 21, bls. 181):

[...] að við ræddum um Containerships, við ræddum um Daalimpex og svo við ræddum þessi frystiskip skiljið þið ... og, og hérna ef þú segir: Nýtt upphaf og þetta er í raun og veru hluti af því að, að þessari eignarsölu sem þessi samskipti verða.“ (áherslubreyting stefnanda)

66. Í skýrslugjöf Gylfa Sigfússonar hjá lögreglu kom m.a. eftirfarandi fram (dskj. 20, bls. 26):

„Já mest allan tímann er bara Ólafur og við tveir að hlusta á hann raunar með eitthvað agenda um að, um að geta tekið yfir eignir okkar eða keypt frystigeymslur, keypt skip í Noregi, keypt containership og fleira. Og við höfum alltaf fundið það að þegar við vorum að fara í gegnum þessa nauðasamninga þá höfðum við alltaf fundið að það var mikill áhugi hjá þeim, ekki við, gagnvart okkur heldur búið að vera að fara í bankana okkar þannig að mér fannst alltaf eins og það hefði verið lekið þarna á milli bankans að þeir hefðu bara sagt strax „heyrðu nú er tækifæri fyrir ykkur að taka yfir eignir erlendis“ og þetta er í eina skipti sem ég hef hitt Ólaf augliti til auglitis og, og hann var ekki ánægður með svörin okkar og, og þetta var frekar stuttur fundur og með það förum við en áttum alveg von á því að það yrðu viðbrögð þannig að þetta er þarna, þetta er þarna fljótlega sennilega um sumarið 2008, ég man ekki alveg dagsetninguna. (áherslubreyting stefnanda)

67. Ásbjörn Gíslason, fyrrum forstjóri stefnanda, gaf einnig skýrslu hjá lögreglu og gefur hún einnig skýra mynd af tilefni og efni umrædds fundar (dskj. 23, bls. 20):

HS Ókei, hvað, þessi fundur sem þú vísar til, hvernig kom hann til?

ÁG Ég man það ekki, þetta var bara þannig að þetta fyrirtæki Eimskip var í fréttunum á hverjum einasta degi með hérna hrakfarir um, um hérna gjaldþrot fyrirtækja og, hér þar og, og hérna allt að fara á hliðina.

HS Mhm.

ÁG Og höfðu byggt upp stóran og mikinn rekstur á, á skömmum tíma og áttu meðal annars eignir hérna erlendis, Containerships sem að var finnst gámaflutningafyrirtæki sem var sambæ... svipuðum rekstri og við erum að reka í, út frá Hollandi og svo frystigeymslur líka sem að hérna, við vorum líka að reka og erum ennþá að reka í, í Hollandi og víðar og það svona fannst okkur áhugavert að kanna hvort að og við og bara það sé sagt, við erum búnir að fylgjast með þessum fyrirtækjum síðan.

HS Og hvað voruð þið að kanna?

ÁG Einhvers konar kaup eða hvað það er sko, [óskýrt] ...  
 HS Á þessum erlendu einingum þá?  
 ÁG Já.

68. Í skriflegri yfirlýsingu Ásbjörns staðfestir hann enn frekar hvert efni umrædds fundar var (dskj. 58). Sindri Sindrason, fyrrum stjórnarformaður stefnda, hefur staðfest að hann hafi setið umræddan fund og hvert fundarefnið var (dskj. 44). Í yfirlýsingu Sindra staðfestir hann að til fundarins hafi verið boðað af stefnanda en honum hafi ekki verið fundarefnið fyllilega ljóst fyrirfram. Hann hafi þó talið að fundurinn tengdist fjárhagsstöðu stefnda með einhverjum hætti eða sölu á eignum félagsins. Á fundinum hafi komið í ljós að áhugi stefnanda, eða öllu heldur Ólafs Ólafssonar, hafi staðið til þess að kanna hvort tiltekna eignir stefnda í Evrópu væru til sölu. Tilfinning hans hafi verið sú að Ólafur hafi séð tækifæri á að komast yfir umræddar eignir á undirverði í ljósi bágrar stöðu félagsins og almennra aðstæðna á mörkuðum á þessum tíma.
69. Ekki hafi komið til neinna umræðna á fundinum enda hafi stefndi ekki haft áhuga á að selja umræddar eignir til stefnanda. Annað hafi ekki verið rætt á fundinum. Þá hafi engin gögn verið afhent eða verið til umræðu á fundinum. Þá hafi hann ekki átt í neinum samskiptum við forsvarsmenn stefnanda í framhaldi þessa fundar, hvorki Ólaf, Ásbjörn né aðra. Eins og gefur að skilja, og ráða má af yfirlýsingunni, er Sindri verulega ósáttur við að Samkeppniseftirlitið og stefndi beri hann röngum sökum, fullkomlega að óskju.
70. Ólafur Ólafsson hefur að sama skapi staðfest hvert efni umrædds fundar var (dskj. 61). Fundurinn hafi verið stuttur og enginn annar fundur eða samtöl hafi átt sér stað milli fundarmanna. Þá hefur hann gert nokkuð ítarlega grein fyrir aðdraganda fundarins, sem hann hafi sjálfur átt frumkvæði að. Þá hefur Hjörleifur Jakobsson einnig einnig gefið greinargóða lýsingu á vitneskju hans um efni fundarins og samskiptum innan Samskipa fyrir og eftir fundinn (dskj. 62).
71. Umfjöllun í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins er í samræmi við framangreint (dskj. 27, bls. 63). Af hálfu stefnda hefur því verið staðfest hvert fundarefnið hafi verið. Að sama skapi hefur stefndi alfarið hafnað því að forsvarsmenn félaganna hafi átt í öðrum og ólögætum samskiptum á umræddum fundi eða í kjölfar hans. Hefur stefndi réttilega hafnað kenningum Samkeppniseftirlitsins um þetta efni sem „*skálduðum tilbúningi*“. Þá hefur stefndi jafnframt hafnað því með öllu að tilgreind glærुकyning, eða efni hennar, hafi verið til umræðu á fundinum eða yfir höfuð á milli félaganna tveggja. Einn af lykilstarfsmönnum stefnda á umræddu tímabili, Matthías Matthíasson, sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra sölu- og þjónustudeildar, hefur einnig stigið fram og gefið yfirlýsingu sem er í samræmi við lýsingar stefnda í athugasemdum við andmælaskjal (dskj. 59). Það hefur Bragi Ragnarsson, fyrrum stjórnarformaður stefnda, einnig gert (dskj. 45).
72. Í umræddum athugasemdum til Samkeppniseftirlitsins er því alfarið hafnað með skýrum og afdráttarlausum hætti að forsvarsmenn stefnda hafi átt í ólögætum samskiptum á umræddum fundi 6. júní 2008 eða í kjölfar hans. Athugasemdirnar eru byggðar á ítarlegri greiningu á gögnum stefnda og upplýsingum frá þeim starfsmönnum sem best til þekkja. Eftir sem áður ákvað stefndi að styðja við innihaldslaugar kenningar Samkeppniseftirlitsins með röngum yfirlýsingum um efni fundarins og samskipti málsaðila í framhaldi hans. Í sáttinni er stutt við þær kenningar með beinum tilvísunum til fundarins 6. júní 2008 og til glærुकyningar stefnda „*Nýtt upphaf*“. Með þessu var hryggjarstykkinu í alröngum kenningum Samkeppniseftirlitsins gefið verulega aukið

vægi með því að stefndi lýsti því yfir að umræddur fundur og glærुकyningin hafi verið þáttur í ætluðu ólögsmætu samráði félaganna. Þessar yfirlýsingar stefnda eru að öllu leyti rangar og augljóslega gefnar gegn betri vitund.

c) *Yfirlýsing um samráð við breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum*

73. Í lið 1.1. í 1. gr. sáttar stefnda og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir stefndi að hafa átt í samráði við stefnanda síðari hluta árs 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er komist að sömu niðurstöðu, m.a. með vísan til sáttar stefnda. Yfirlýsingar stefnda í sáttinni um þetta efni eru að öllu leyti rangar.
74. Eins og nánar er rakið í athugasemdum stefnanda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins og kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála (dskj. 43) þá urðu gríðarlegar breytingar á ytri aðstæðum í rekstri stefnanda á árinu 2008. Á tímabilinu frá 2003 til 2007 var mikill uppgangur í íslensku efnahagslífi og innflutningur í formi gámaflutninga jókst úr 500 þúsund tonnum í 900 þúsund tonn. Bæði skipafélögin juku framboð sitt á umræddum árum til að mæta auknum innflutningi. Þannig tókst stefnanda í fyrsta sinn að koma upp fjögurra skipa flutningakerfi milli Íslands og Evrópu en félagið hafði lengi stefnt að þeim áfanga.
75. Innflutningsmagn fór hins vegar hratt minnkandi á árinu 2008 og féll að endingu um 50% frá árinu 2007 til ársins 2009. Skipafélögin þurftu eðli málsins samkvæmt að bregðast hratt við þessum breytingum. Í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 16. mars 2020 (dskj. 27, bls. 122) er því lýst að stefndi hafi í upphafi ársins 2008 ráðist í stækkun á siglingakerfinu í því skyni að bregðast við mikilli aukningu sem hafi orðið í innflutningi á árinu 2007. Á árinu 2008 hafi eftirspurn hins vegar fallið ört og nauðsynlegt hafi reynst að bregðast við þeirri þróun. Það hafi verið gert með breytingum á siglingakerfinu í ágúst 2008 sem í reynd hafi falið það í sér að sú aukning framboðs sem hafði átt sér stað í upphafi ársins var dregin til baka.
76. Í athugasemdum stefnda er því skilmerkilega lýst að um hafi verið að ræða nauðsynlega og sjálfstæða ákvörðun stefnda. Ekkert samráð hafi verið haft við stefnanda um þetta efni og engin samskipti verið milli félaganna. Gögn málsins sýni þetta glögg og kenningar Samkeppniseftirlitsins um eitthvert samráð milli félaganna um þetta efni séu rangar. Stefndi tekur undir umrædda umfjöllun í athugasemdum stefnda enda er hún efnislega rétt. Stefndi kom ekki að neinu leyti nærri ákvörðunum um breytingar á siglingakerfi stefnda.
77. Stefndi var að sama skapi knúinn til breytinga á eigin kerfi enda varð framboð félagsins langt umfram eftirspurn á árinu 2008 vegna gríðarlegs samdráttar í innflutningi. Mikill fastur kostnaður er af rekstri siglingakerfis, sem auk þess er allur í erlendri mynt en gengi krónunnar féll hratt á árinu 2008. Vandí stefnanda var enn meiri fyrir þær sakir að félagið hafði á árinu 2007 gengið til samninga við Alcoa um útflutning á miklu magni af áli. Vegna misræmis sem þá hafði skapast í magni innflutnings og útflutnings var samningur stefnanda hagfelldur þrátt fyrir að samið hafi verið um mjög lág verð við Alcoa.
78. Við hrun innflutnings á árinu 2008 skapaðist hins vegar öfugt misræmi í siglingakerfi stefnanda, þ.e. vegna samningsins við Alcoa var útflutningur félagsins langt umfram innflutning. Af þessu skapaðist gríðarlegt óhagræði og stórtjón yfirvofandi fyrir

stefnanda, ef ekki gjaldþrot. Stefnandi brást við þessum aðstæðum með því að leita endursamninga við Alcoa. Eftir langt og strangt samningaferli, þar sem Alcoa sýndi aðstæðum stefnanda umtalsverðan skilning, tókust samningar um lægra þjónustustig og hærri verð. Skipum stefnanda í siglingum milli Íslands og Evrópu var fækkað úr 4 í 3 og sinnti eitt þeirra nær eingöngu flutningum fyrir Alcoa.

79. Samningurinn við Alcoa var forsenda þess að stefnandi gæti gert nauðsynlegar breytingar á siglingakerfinu. Gekk þetta hvort tveggja eftir um miðjan október 2008 og varð án nokkurs vafa til þess að bjarga rekstri stefnanda og forða félaginu frá gjaldþroti. Þessar breytingar á siglingakerfinu, sem voru nauðsynlegar en um leið afar sársaukafullar fyrir stefnanda, voru ekki á neinum tímapunkti ræddar við helsta keppinautinn, stefnda. Þá er ljóst að stefndi átti ekki neina aðkomu að samningunum við Alcoa sem voru nauðsynleg forsenda þessara breytinga. Stefnandi vísar um þetta efni einnig til yfirlýsingar Ásbjörns Gíslasonar, fyrrum forstjóra stefnanda (dskj. 58), og Pálmars Ola Magnússonar, sem var framkvæmdastjóri millilandasviðs stefnanda á rannsóknartímabilinu (dskj. 50).
80. Í áðurgreindum athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins er því alfarið hafnað í rökstuddri og ítarlegri umfjöllun að nokkurt samráð hafi verið milli félaganna um breytingar stefnanda á siglingakerfinu. Þá sýni gögnin að engin samskipti hafi verið milli félaganna um þetta efni. Þá hafnar stefndi því alfarið að hafa átt í samráði við stefnanda í tengslum við viðskipti Alcoa og lýsir því svo að það sé „*fráleitt að staðhæfa*“ að í viðskiptum félaganna við Alcoa hafi falist einhvers konar samráð (dskj. 27, bls. 130).
81. Stefnandi tekur undir staðhæfingar í athugasemdum stefnda um þetta efni enda eru þær efnislega rétt lýsing á atvikum í rekstri skipafélaganna á umræddum tíma. Gagnstæðar staðhæfingar í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitsins eru hins vegar að sama skapi efnislega rangar og settar fram gegn betri vitund stefnda.
- d) *Yfirlýsing um samráð um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum*
82. Í sátt stefnda er því lýst yfir að félagið hafi átt í samráði við stefnanda sem hafi falist í skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Þessi yfirlýsing stefnda, líkt og aðrar í sáttinni, er alröng. Stefnandi hefur hvorki fyrr né síðar samið við stefnda um skiptingu viðskiptavina félaganna tveggja, hvorki stóra né smáa. Á það við um rannsóknartímabilið rétt eins og önnur tímabil í rekstri félagsins.
83. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er byggt á því að „*friður*“ hafi ríkt á milli félaganna tveggja á rannsóknartímabilinu og hafi það m.a. komið fram í því að félögin hafi ekki sóst eftir viðskiptum stórra viðskiptavina hvors annars. Kenning stofnunarinnar um að einhvers konar samkomulag hafi verið gert milli félaganna um þetta efni í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er efnislega röng og fær ekki stoð í gögnum úr rekstri félaganna.
84. Um þetta efni er m.a. fjallað á bls. 173 og áfram í athugasemdum stefnda frá 16. mars 2020 við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins (dskj. 27). Þar er því með afdráttarlausum hætti mótmælt að kenning stofnunarinnar um þetta efni eigi sér nokkra stoð. Engin gögn sé að finna um ætluð samskipti milli félaganna um þetta efni „*enda áttu engin slík samskipti sér stað og enginn sameiginlegur skilningur var fyrir hendi*“.



85. Í athugasemdum stefnda er rakið að með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007, sem staðfest var með úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008, hafi félaginu beinlínis verið bannað að sækja skipulega fram gegn stórum viðskiptavinum stefnanda. Það hafi því gefið auga leið að félagið hafi þurft að aðlaga sig að þeirri niðurstöðu og gæta meiri varkárni á markaði en áður. Gögn málsins sýni eftir sem áður glöggt að félögin ákváðu hegðun á markaðnum alfarið sjálfstætt og að hörð samkeppni ríkti á mörkuðum málsins allt rannsóknartímabilið. Þá megi sjá af fjölmörgum gögnum þá staðreynd að félögin voru eðli málsins samkvæmt í mikilli óvissu um hegðun hvors annars á markaði.
86. Í athugasemdum stefnda er í ítarlegu og vel rökstuddu máli farið yfir kenningar Samkeppniseftirlitsins um þetta efni og þeim hafnað í heild sinni. Þá er skilmerkilega gerð grein fyrir því, með vísan til gagna og staðreynda úr rekstri stefnda, hvers vegna kenningar um samráð félaganna um tiltekna nafngreinda viðskiptavini standist enga skoðun. Í athugasemdum stefnda frá 15. júní 2020 er einnig farið ítarlega yfir umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um nafngreinda viðskiptavini félaganna tveggja, færðar fram ítarlegar skýringar og leiðréttingar á ályktunum stofnunarinnar og ávirðingum um markaðsskiptingu alfarið hafnað (dskj. 28).
87. Stefnandi telur ljóst að umfjöllun í athugasemdum stefnda um ætlaða markaðsskiptingu félaganna tveggja gefi fullkomlega rétta mynd af atvikum í rekstri félagsins á umræddum tíma. Athugasemdirnar eru sýnilega byggðar á ítarlegri yfirferð félagsins yfir samtímagögn úr rekstri félagsins og upplýsingum frá þeim starfsmönnum sem best til þekkja og áttu beina aðkomu að þeim viðskiptum sem um ræðir. Þá vísar stefnandi til þess að fyrrum framkvæmdastjóri sölu- og þjónustudeildar stefnda, Matthías Matthíasson, hefur stigið fram og staðfest með afdráttarlausum hætti að félögin hafi ekki skipt með sér viðskiptavinum, hvorki stórum né smáum (dskj. 60). Er sú yfirlýsing í fullu samræmi við athugasemdir stefnda og raunveruleg atvik í rekstri félaganna tveggja.
88. Yfirlýsing í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum er röng og með henni hefur stefndi ranglega sakað stefnanda um alvarlegt brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem jafnframt kann að vera refsivert fyrir þá einstaklinga sem í hlut ættu. Yfirlýsingin er í andstöðu við samtímagögn úr rekstri félaganna, í andstöðu við fyrri yfirlýsingar stefnda og fyrrum lykilstarfsmanns félagsins og raunveruleg atvik í rekstri félaganna tveggja.
- e) *Yfirlýsing um samráð um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum*
89. Í sátt stefnda er því enn fremur lýst að félagið hafi átt í samráði við stefnanda um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Þessi yfirlýsing stefnda er röng enda áttu félögin aldrei í neinum ólögum samskiptum um gjaldtöku félaganna gagnvart viðskiptavinum. Engum verð- eða viðskiptaupplýsingum var miðlað á milli félaganna eða samið um afsláttarkjör til viðskiptavina félaganna. Allar ákvarðanir um þetta efni í starfsemi stefnanda voru sjálfstæðar og án nokkurra samskipta eða samráðs við stefnda.
90. Í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins er öllum ávirðingum um verðsamráð eða álagningu gjalda hafnað. Sem fyrr er umfjöllun stefnda í þeim efnum í samræmi við samtímagögn, raunveruleg atvik í rekstri félaganna og vitneskju þeirra starfsmanna sem komu að rekstri félaganna á umræddum tíma. Stefnandi vísar í þessum

efnum til áðurgreindrar yfirlýsingar Matthíasar Matthíassonar, fyrrum framkvæmdastjóra sölu- og þjónustudeildar stefnda (dskj. 60). Þá vísast til framburðar fyrrum forstjóra félagsins, Gylfa Sigfússonar, hjá héraðssaksóknara þar sem hann hafnaði því afdráttarlaust að félögin hafi átt í samráði um upptöku nýrra gjaldaliða í verðskrár eða samið um hámarksafslætti (dskj. 20, bls. 245-246).

91. Yfirlýsingar í sátt stefnda um þetta efni eru í hrópandi ósamræmi við yfirlýsingar lykilstarfsmanna félagsins, gögn málsins, yfirlýsingar starfsmanna stefnanda og staðreyndir um atvik í rekstri félaganna á umræddum tíma. Félögin hafa aldrei átt í verðsamráði eða samráði um upptöku gjalda, hvorki á rannsóknartímabilinu né utan þess. Sem fyrr gerist stefndi sekur um það með umræddri yfirlýsingu að bera stefnanda röngum sökum um ætluð brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
  - f) *Yfirlýsing um samráð um landflutningaþjónustu á flutningsleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum*
92. Fullyrðing í sátt stefnda um samráð við stefnanda í landflutningum er alröng. Þessi fullyrðing er frábrugðin þeim yfirlýsingum sem fjallað hefur verið um hér að framan að því leytinu til að ekki er ágreiningur um það að félögin áttu í viðskiptum á landflutningamarkaði. Þau viðskipti voru ekki bundin við rannsóknartímabilið heldur höfðu verið við lýði um allnökkurn tíma fyrir það tímabil. Viðskiptin voru hins vegar fullkomlega lögmæt og höfðu hvorki röskun á samkeppni að markmiði né leiddu þau til einherrar röskunar í reynd. Í þeim fólst ekki verðsamráð af nokkrum toga eða markaðsskipting. Þá var umfang þeirra óverulegt og bundið við markaðssvæði sem skilgreind hafa verið sem óvirk af forvera Samkeppniseftirlitsins og síðar af Bygðastofnun (áður Póst- og fjarskiptastofnun).
93. Um þetta efni er fjallað nokkuð ítarlega í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, sbr. t.d. bls. 84 og áfram á dskj. 27. Í athugasemdunum hafnaði stefndi því alfarið að viðskipti félaganna á landflutningamarkaði hafi verið andstæð 10. gr. samkeppnislaga. Eins og þar er réttilega rakið þá einkennist flutningastarfsemi um heim allan af umfangsmiklum viðskiptum milli flutningafyrirtækja. Ekkert flutningafyrirtæki getur haldið úti flutningum á alla mögulega áfangastaði. Af þeim sökum eiga sér stað viðskipti milli flutningafyrirtækja um heim allan á hverjum einasta degi. Flutningamarkaðir á Íslandi eru þar ekki undanskildir.
94. Eins og rakið er í athugasemdum stefnda höfðu viðskipti stefnanda og stefnda hvorki að markmiði að raska samkeppni né leiddu þau til röskunar í reynd. Þau voru þvert á móti til þess fallin að auka samkeppni, auka hagræði á óarðbærum flutningaleiðum og bæta þjónustu við fyrirtæki og neytendur. Um var að ræða viðskipti sem fram fóru á eðlilegum viðskiptalegum forsendum og án þess að nokkrar upplýsingar færu á milli félaganna sem tengdust viðskiptavinum félaganna eða verðlagningu til þeirra.
95. Stefndi vísar í athugasemdum sínum réttilega til þess að Samkeppniseftirlitið hefur margsinnis talið að fyrirtækjum sé í sumum tilvika ekki einungis heimilt heldur beinlínis skylt að eiga í viðskiptum við keppinauta, sbr. t.d. ákvörðun nr. 29/2015 þar sem stefnda var gert skylt að veita samkeppnisaðilum aðgang að flutningum með Breiðafjarðarferjunni Baldri.
96. Stefndandi telur ljóst að sú aðferðafræði Samkeppniseftirlitsins að leggja sjálfkrafa til grundvallar að öll viðskipti stefnanda og stefnda í landflutningum séu í andstöðu við 10.

gr. samkeppnislaga og 1. mgr. EES-samningsins sé hvorki í samræmi við fyrri framkvæmd stofnunarinnar né fræðilega umfjöllun eða framkvæmd á vettvangi Evrópusambandsins. Um var að ræða afar umfangslítill viðskipti á afskekktum og óvirkum markaðssvæðum sem voru engan veginn til þess fallin að raska samkeppni. Ekkert mat fór fram af hálfu Samkeppniseftirlitsins á því hvort markmið viðskiptanna væri að raska samkeppni eða hvort slíkra afleiðinga gætti, svo sem stofnuninni var skylt að gera.

97. Stefnandi hefur leitað til sérfræðinga á þessu sviði í því skyni að greina hvort umrædd viðskipti hafi að efni eða umfangi verið þess eðlis að þau gætu hafa talist hafa röskun á samkeppni að markmiði og þannig verið í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í ítarlega rökstuddu álit Copenhagen Economics frá 8. febrúar 2024 var komist að afdráttarlausri niðurstöðu um að viðskiptin gætu ekki talist hafa haft slíkt markmið eða haft neikvæð áhrif á samkeppni í reynd (dskj. 54). Þvert á móti séu öll merki þess að tilgangur viðskiptanna hafi verið að auka hagkvæmni og viðhalda reglubundnum flutningum og samkeppni á óhagkvæmum flutningsleiðum.
98. Yfirlýsing í sátt stefnda um að viðskiptin hafi verið andstæð 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er efnislega röng enda ljóst að viðskiptin höfðu röskun á samkeppni sannanlega ekki að markmiði, auk þess sem þau gátu engan veginn leitt til slíkrar röskunar í reynd. Þá er yfirlýsing stefnda ekki í neinu samræmi við ítarlega og vel rökstudda umfjöllun félagsins í athugasemdum við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.
- g) *Yfirlýsing um samráð um sjóflutninga milli Íslands og Evrópu og um gagnkvæma leigu eða lán á gámum*
99. Stefnandi og stefndi gerðu með sér svokallað neyðarsamkomulag á árinu 2001 um flutninga til og frá Evrópu. Markmið samkomulagsins var að félögin gætu leitað til hvors annars með flutninga þegar veruleg röskun yrði á áætlun þeirra. Í samkomulaginu segir berum orðum að það taki til flutninga sem skapast „vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tómun einingum“. Rétt er að geta þess að þótt skriflegur samningur um þetta efni hafi fyrst verið gerður á árinu 2001 þá höfðu tilfallandi flutningar af þessum toga tíðkast mun lengur.
100. Líkt og efni skjalsins gefur til kynna var tilgangur samkomulagsins að halda uppi þjónustustigi við viðskiptavinum félaganna og bjarga verðmætum, ekki síst í flutningum á ferskum fiski. Sambærilegt fyrirkomulag þekktist um allan heim, ekki einungis á sjóflutningsmörkuðum heldur einnig í ýmsum öðrum atvinnugreinum, s.s. farþegaflugi og fjarskiptarekstri. Markmið slíkra samninga er að forðast óþarfa tjón og koma í veg fyrir að viðskiptavinir verði fyrir raski sem hægt er að koma í veg fyrir.
101. Samkomulagið var endurnýjað á árinu 2010. Á grundvelli þessa samkomulags fluttu félögin samanlagt 144 gámaeiningar á árunum 2008-2013 eða sem nemur um 2 gámum á mánuði að meðaltali. Heildarflutningar félaganna tveggja á tímabilinu námu um 1,1-1,2 milljónum gámaeininga. Viðskiptin námu því um 0,01% af heildarflutningunum. Stefnandi telur ljóst að þessi viðskipti hafi hvort tveggja í senn verið eðlileg og lögmæt enda var um að ræða viðskipti sem fóru fram á eðlilegum viðskiptalegum forsendum en ekki samstarf eða samráð félaganna.
102. Viðskiptin höfðu röskun samkeppni ekki að markmiði og stefnandi telur ljóst að viðskiptin höfðu ekki að neinu leyti skaðleg áhrif á samkeppni milli félaganna. Þau voru

Þvert á móti til þess fallin að bjarga verðmætum og voru því beinlínis í þágu viðskiptavina félaganna og neytenda. Við meðferð máls stefnanda og stefnda gerði Samkeppniseftirlitið enga tilraun til að sýna fram á að viðskiptin hefðu skaðleg áhrif á samkeppni eða nægilega mikinn skaða til að geta talist hafa röskun samkeppni að markmiði. Var þessu einfaldlega slegið föstu án rökstuðnings eða rannsókna.

103. Í athugasemdum stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, bls. 166 og áfram í dskj. 27, var fjallað ítarlega um viðskipti á grundvelli neyðarsamkomulagsins og réttilega komist að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða „*samkomulag um viðskipti á eðlilegum, viðskiptalegum forsendum um flutninga í neyðartilvikum. Slik viðskipti brjóta ekki í bága við 10. gr. samkeppnislaga.*“ Þá er í athugasemdunum rakið að til að samningur falli undir 10. gr. laganna þurfi hann að hafa samkeppnishamlandi markmið eða afleiðingar. Samkomulag stefnanda og stefnda geti ekki „*undir nokkrum kringumstæðum*“ talist hafa ólögmætt markmið. Samkeppniseftirlitið hafi enga tilraun gert til að sýna fram á ætlaðan ólögmætan tilgang samkomulagsins eða hvernig viðskiptin gætu yfir höfuð verið andstæð 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í því sambandi áréttaði stefndi að venjuleg viðskipti milli keppinauta brjóta ekki gegn ákvæðinu, ekki síst þegar þau eru jafn lítil að umfangi og reyndin er í þessu tilviki. Stefndandi telur augljóst að umrædd viðskipti voru að öllu leyti samþýðanleg 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Ekki var um að ræða varanlegt samstarf um nýtingu flutningsrýmis í skipum félaganna tveggja heldur óveruleg tilfallandi viðskipti sem nær einvörðungu komu til vegna óviðráðanlegra aðstæðna í rekstri félaganna.
104. Stefndandi fékk óháða sérfræðinga til að greina umrædda samninga og viðskipti félaganna með tilliti til ákvæða 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í ítarlega rökstuddu áliti Copenhagen Economics (dskj. 54) var komist að afdráttarlausri niðurstöðu um að viðskiptin gætu ekki talist hafa haft röskun samkeppni að markmiði. Stefndandi leitaði einnig til héraðs sérfræðinga á þessu sviði og komust þeir að sömu niðurstöðu, sbr. álit Reykjavík Economics og Intellecton (dskj. 63).
105. Yfirlýsing í sátt stefnda þess efnis að stefndandi og stefndi hafi staðið í ólögmætu samráði í sjóflutningum milli Íslands og Evrópu er röng. Engu slíku samráði var til að dreifa enda ljóst að viðskipti félaganna voru ekki í andstöðu við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þetta var stefnda fyllilega ljóst og gefa athugasemdir stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins rétta mynd af raunverulegri afstöðu félagsins til viðskiptanna. Þá er sú umfjöllun efnislega rétt, bæði um atvik og lögfræðilega greiningu.
- h) *Yfirlýsing um samráð um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga*
106. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptasamband stefnanda og stefnda í flutningum til og frá Norður-Ameríku hafi verið hluti af ólögmætu samráðsverkefni félaganna. Ályktunin er augljóslega röng enda var í fyrsta lagi engu samráðsverkefni til að dreifa og í öðru lagi voru viðskipti félaganna fullkomlega lögmæt. Með yfirlýsingu um þetta efni í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið var hins vegar staðfest að félögin hafi á rannsóknartímabilinu átt í samráði „*þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga*“.
107. Þessi yfirlýsing er röng og ekki í neinu samræmi við umfjöllun í athugasemdum félagsins við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, sbr. einkum bls. 140 og áfram í dskj.

27. Þar hafnaði stefndi ályktunum stofnunarinnar alfarið. Var það m.a. gert með vísan til þess að um lóðrétt viðskiptasamband hafi verið að ræða sem hafi haft jákvæð áhrif á samkeppni. Stefnandi hafi verið viðskiptavinur félagsins en ekkert samstarf hafi verið um samkeppni um flutninga, þ.e. gagnvart viðskiptavinum félaganna. Stefnandi hafi ekki haldið úti áætlunarsiglingum á umræddri leið og því augljóslega í þágu samkeppninnar að stefnandi ætti þess kost að eiga viðskipti við stefnda.
108. Þá er í athugasemdum stefnda farið yfir ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála þar sem komist var endurtekið að þeirri niðurstöðu að umrædd viðskipti væru æskileg í samkeppnislegu tilliti. Viðskiptin höfðu staðið nær samfellt yfir frá árinu 1993 og inntak þeirra nákvæmlega það sama á rannsóknartímabilinu og á árunum á undan og eftir. Á öllu rannsóknartímabilinu fóru viðskiptin fram með vitneskju og vitund Samkeppniseftirlitsins og ávallt gættu félögin þess að senda undanþágubeiðni til stofnunarinnar. Taldi stefndi ljóst að félögin hafi mátt treysta því, og haft réttmætar væntingar til að ætla, að viðskipti félaganna væru lögmæt og þeim hafi verið heimilt að viðhafa óbreytt viðskipti á meðan málin væru til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Málsmeðferðin hafi hins vegar tafist og verið andstæð 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
109. Þá er í athugasemdum stefnda réttilega vísað til þess að stefndi hafi beinlínis talið að félaginu væri óheimilt að synja stefnanda um viðskipti enda félagið í einokunarstöðu í beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og því einfaldlega skylt á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga að eiga í viðskiptum við þá sem eftir því óska, þar á meðal keppnauta. Fyrrverandi forstjóri félagsins, Gylfi Sigfússon, hafði það sama að segja þegar hann gaf skýrslu til Samkeppniseftirlitsins við húsleit stofnunarinnar og að nýju þegar hann gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara (dskj. 16 og 20).
110. Yfirlýsing í sátt stefnda um þetta efni er ekki í neinu samræmi við umfjöllun í athugasemdum stefnda, framburð fyrrum forstjóra félagsins eða yfirlýsingu fyrrum lykilstarfsmanns, Matthíasar Matthíassonar. Stefnandi telur ljóst að viðskipti félaganna hafi verið lögmæt og þá einnig á tímabilum þar sem formlegrar undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu naut ekki við. Félögin höfðu réttmætar væntingar um lögmæti viðskiptanna og tóku öll viðeigandi skref sem þeim bar að taka samkvæmt samkeppnislögum. Samkeppnisyfirkomandi höfðu endurtekið komist að sömu niðurstöðu um jákvæð samkeppnisleg áhrif viðskiptanna. Rökstuddar undanþágubeiðnir lágu á borði Samkeppniseftirlitsins á öllu tímabilinu og upplýsingar til stofnunarinnar um að viðskiptum yrði fram haldið á meðan málið væri þar til meðferðar.
111. Á Samkeppniseftirlitinu hvíldi skylda til að láta afstöðu sína í ljós gagnvart stefnanda og stefnda, teldi stofnunin að félögunum væri skylt að láta af viðskiptunum á meðan beðið væri niðurstöðu. Þar sem það var ekki gert, og í ljósi fyrri ákvarðana og verulegs dráttar á málsmeðferðinni, gátu viðskiptin ekki talist brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga.
- i) *Skuldbinding skv. 3. mgr. 3. gr. sáttar stefnda um að hætta viðskiptalegu samstarfi við stefnanda*
112. Eins og vikið var að í málsatvikalýsingu hér að framan þá er í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið kveðið á um skuldbindingu stefnda til að hætta viðskiptalegu samstarfi við stefnanda. Stefnda er skylt að virða þessa skuldbindingu að viðlögðum sektum, sbr. h-lið 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga. Frá þessari skuldbindingu stefnda er sú undantekning að hún eigi ekki við ef stefndi getur sýnt Samkeppniseftirlitinu fram á

að eðli viðkomandi samstarfs sé með þeim hætti að ekki sé hætta á röskun á samkeppni milli félaganna.

113. Eins og rakið var hér að framan þá er stefndi í ráðandi stöðu á mörkuðum fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi. Á það jafnt við um flutninga til og frá Evrópu sem og flutninga til og frá Norður-Ameríku. Á síðarnefnda markaðnum er stefndi raunar í einokunarstöðu í beinum flutningum en í einstakri yfirburðastöðu ef horft er til allra flutninga til og frá Norður-Ameríku, þ.e. einnig flutninga með umskipun í Evrópu.
114. Af 11. gr. samkeppnislaga leiðir að markaðsráðandi fyrirtækjum er að jafnaði óheimilt að synja aðilum um viðskipti nema til grundvallar slíkri synjun liggja hlutlægar eða málefnalegar ástæður. Af framkvæmd samkeppnisyfirvalda má sjá að þessi regla getur einnig átt við í tilvikum þar sem markaðsráðandi fyrirtæki synjar keppinautum um viðskipti. Á þetta ekki síst við um tilvik þar sem fyrirtæki er í mjög sterkri markaðsráðandi stöðu.
115. Hér að framan hefur einnig verið rakið að keppinautum er að jafnaði heimilt að eiga í viðskiptum á eðlilegum viðskiptalegum grundvelli. Slík viðskipti eru ekki andstæð 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins enda teljist þau ekki hafa haft röskun samkeppni að markmiði eða sýnt sé fram á að þau hafi haft slík áhrif í reynd. Þá eru allnokkur dæmi þess í framkvæmd samkeppnisyfirvalda að markaðsráðandi fyrirtækjum sé beinlínis gert skylt að eiga viðskipti við keppinauta, ef eftir þeim er óskað. Ástæðuna er að rekja til þess að samkeppni telst þegar takmörkuð vegna markaðsstyrks hins ráðandi fyrirtækis og útilokun smærri keppinauta frá viðskiptum getur takmarkað enn frekar getu þeirra til að veita hinu markaðsráðandi fyrirtæki samkeppnislegt aðhald.
116. Stefnandi telur að af 11. gr. samkeppnislaga leiði að stefnda sé óheimilt að synja keppinautum um viðskipti á mörkuðum fyrir sjóflutninga, enda liggja ekki hlutlægar og málefnalegar ástæður til grundvallar slíkri synjun. Til grundvallar viðskiptum stefnanda og stefnda í flutningum til og frá Norður-Ameríku lágu þessar skuldbindingar stefnda enda félagið í einokunarstöðu á umræddri leið. Þá hefur stefnandi sem fyrr segir einnig átt í tilfallandi viðskiptum við stefnda í flutningum til og frá Evrópu. Eins og vikið var að hér að framan þá hafa stjórnendur stefnda í gegnum tíðina verið vel meðvitaðir um þessar skyldur félagsins, sbr. m.a. framburð fyrrverandi forstjóra félagsins, Gylfa Sigfússonar, um það efni.
117. Með því að undirgangast skuldbindingu í sátt við Samkeppniseftirlitið um að eiga framvegis ekki í viðskiptum við stefnanda hefur stefnda tekist að auka enn við yfirburði sína á markaði og um leið dregið úr samkeppnishæfni stefnanda. Stefndi getur ekki skákað í því skjólinu að um sé að ræða fyrirmæli stjórnvalds enda átti stefndi frumkvæði að sáttaumleitunum enda ekki til slíka viðræðna stofnað nema að frumkvæði þess fyrirtækis sem í hlut á. Um er að ræða tvíhliða samkomulag stefnda og Samkeppniseftirlitsins um þetta efni. Þá er ljóst að til sáttarinnar, og þar með umræddrar skuldbindingar, hefði ekki komið nema á grundvelli rangra yfirlýsinga félagsins um ætlað samráð við stefnanda.
118. Stefndi hafði augljósa hagsmuni af því að leita eftir heimild frá Samkeppniseftirlitinu til að synja stefnanda, helsta keppinauti félagsins, um hvers kyns viðskipti. Stefnda hefur með þessu tekist að tryggja einokunarstöðu félagsins í beinum flutningum til og frá Norður-Ameríku og auka verulega við ráðandi stöðu félagsins í heildarflutningum milli

Íslands og Norður-Ameríku. Þá hefur stefndi gert stefnanda ókleift að bjarga verðmætum, svo sem vegna bilana eða tafa, með því að senda gáma með skipum félagsins til eða frá Evrópu. Á sama tíma er stefndi hins vegar í gríðarlega umfangsmiklu samstarfið við annað markaðsráðandi fyrirtæki, Royal Arctic Line, í öllum flutningum á þeirri leið.

119. Til þess er einnig að líta að skuldbindingin hefur bein áhrif á starfsemi dótturfélags stefnanda, Jóna Transport. Eins og vikið hefur verið að hér að framan þá starfar félagið við flutningsmiðlun. Vegna yfirburða stefnda á sjóflutningamörkuðum, ekki síst í flutningum til og frá Norður-Ameríku, er mikilvægt fyrir alla flutningsmiðlara, einnig dótturfélag stefnanda, að geta átt í viðskiptum við stefnda. Með skuldbindingunni er tryggt að stefndi geti synjað Jónum um hvers kyns viðskipti.
120. Stefndi hefur efnt umrædda skuldbindingu og hefur stefnandi því ekki átt þess kost að eiga í viðskiptum við stefnda í sjóflutningum. Það sama gildir um dótturfélagið Jóna transport og hefur það eðli málsins samkvæmt leitt til takmarkana á starfsemi félagsins og þeirri þjónustu sem félagið getur veitt viðskiptavinum sínum.
121. Það má því með sanni segja að um sé að ræða snilldarbragð hjá stefnda, sem þó er þeim annmarka háð að vera gert á forsendum rangra sakargifta gagnvart stefnanda. Grundvöllur skuldbindingarinnar er því ólögmaður með sama hætti og aðrar yfirlýsingar í sátt stefnda. Þá byggir stefnandi sjálfstætt á því að umrædd skuldbinding sé misnotkun á ráðandi stöðu stefnda á sjóflutningsmörkuðum, sbr. fyrri umfjöllun um stöðu félagsins á þeim mörkuðum. Að mati stefnanda getur það aldrei talist þáttur í eðlilegri samkeppni fyrirtækis á markaði að ná því fram gagnvart eftirlitsstjórnvaldi, á grundvelli rangra sakargifta, að starfsemi helsta keppinutarins sé heft með þeim hætti sem raun ber vitni.

#### IV. Háttsemi stefnda var saknæm

122. Eins og rakið hefur verið í framangreindri umfjöllun þá liggur afstaða stefnda til einstakra ávirðinga og kenninga sem fram hafa verið settar af hálfu Samkeppniseftirlitsins fyrir í ítarlegum andsvörum félagsins frá 16. mars og 15. júní 2020. Með þeim athugasemdum hafnaði stefndi alfarið frummati Samkeppniseftirlitsins sem sett var fram í andmælaskjali stofnunarinnar í tveimur hlutum. Umfjöllun stefnda var ítarleg, vel rökstudd og sett fram með vísan til samtímagagna og á grundvelli þekkingar starfsmanna félagsins á rekstri félagsins og einstökum atvikum sem til var vísað í andmælaskjalinu. Kenningum stofnunarinnar hefur af stefnda verið lýst sem „skálduðum tilbúningi“. Opinberar tilkynningar stefnda voru í samræmi við efni athugasemdana þar sem frummati Samkeppniseftirlitsins var hafnað og því lýst yfir að félagið myndi leggja fram ítarlegar athugasemdir og gögn sem sýndu að ásakanir ættu „ekki við rök að styðjast.“ (dskj. 26).
123. Ljóst er að mikill samhljómur er með athugasemdum stefnda annars vegar og athugasemdum stefnanda hins vegar þrátt fyrir að athugasemdir stefnanda hafi verið öllu ítarlegri um einstök atvik. Ástæðu þessa er alfarið að rekja til þess að framsetning í athugasemdum félaganna var í samræmi við gögn málsins og raunveruleg atvik í rekstri félaganna á hinu ætlaða samráðstímabili. Rétt er að taka fram að engin samvinna var milli félaganna tveggja eða lögmanna þeirra, eða nokkur samskipti, við vinnslu umræddra athugasemda.
124. Fyrrum stjórnarformenn stefnda hafa séð sig knúna til að stíga fram vegna ákvörðunar stefnda um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitsins og játa sök. Þannig hefur Sindri

Sindrason lýst aðkomu sinni að fundi sem haldinn var 6. júní 2008 og því sem þar fór fram. Lýsing hans er að öllu leyti í samræmi við lýsingar annarra fundarmanna, gögn málsins og það sem satt og rétt er. Efni yfirlýsingar í sátt stefnda er í hróplegu ósamræmi við lýsingu þessa fyrrum stjórnarformanns félagsins sem sat sjálfur fundinn.

125. Þá hefur annar fyrrum stjórnarformaður félagsins, Bragi Ragnarsson, einnig stigið fram af sama tilefni (dskj. 45). Hann var stjórnarformaður stóran hluta rannsóknartímabilsins eða á árunum 2009 til 2013. Samkvæmt yfirlýsingum í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið þá stóð félagið á þeim tíma í umfangsmiklu samráði við stefnanda um flesta þætti í starfsemi félaganna. Bragi hefur staðfest að hann hafi í sinni stjórnartíð aldrei orðið var við nokkurn hlut sem gæfi tilefni til að ætla að félagið ætti í ólögum samráði við stefnanda. Tók það jafnt til þess sem fram kom í gögnum og umræðum á stjórnarfundum sem og viðræðna við lykilstjórnendur félagsins. Hann hefur sérstaklega tekið fram að hann hafi lagt sig fram við að fylgjast vel með starfsemi félagsins og að hún væri að öllu leyti í samræmi við lög. Efnisreglur samkeppnisreglna hafi þar ekki verið undanskildar og raunar mikið lagt upp úr því í starfsemi félagsins að enginn misbrestur væri á eftirfylgni við lögin. Telur hann að reyndin hafi verið sú að enginn misbrestur hafi verið þar á. Efni sáttar stefnda er ekki í neinu samræmi við yfirlýsingu þessa fyrrum stjórnarformanns félagsins.
126. Matthías Matthíasson, fyrrum framkvæmdastjóri sölu- og þjónustudeildar stefnda, hefur sem fyrr segir stigið fram og hafnað með afgerandi hætti ávirðingum Samkeppniseftirlitsins, m.a. um ætlaða markaðsskiptingu milli félaganna tveggja. Efni yfirlýsingar hans er í fullkomnu ósamræmi við yfirlýsingar í sátt stefnda en í samræmi við ítarlegar athugasemdir stefnda við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.
127. Líkt og áður segir gáfu fyrrum forstjóri félagsins, Gylfi Sigfússon, og Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs stefnda, skýrslu hjá héraðssaksóknara þar sem þeir voru bornir sökum um ætlað samráð. Lýsing þeirra á starfsemi stefnda og einstökum atvikum í rekstri félagsins er ekki í neinu samræmi við yfirlýsingar í sátt stefnda um ætluð brot félagsins á rannsóknartímabilinu.
128. Stefnandi byggir á því að yfirlýsingar í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið hafi verið gefnar gegn betri vitund. Að mati stefnanda var ákvörðun um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið tekin þrátt fyrir að félagið og stjórnendur þess hafi vitað, eða a.m.k. mátt vita, að með því myndi félagið bera stefnanda og núverandi og fyrrverandi starfsmenn félaganna tveggja röngum sökum. Ber að virða báðum stefndu þetta til sakar. Hvorki stefndi Eimskip né stefndi Vilhelm Már geta borið því við að þeir hafi verið í góðri trú um að yfirlýsingar í sátt félagsins væru réttar. Í því sambandi er rétt að áréttast að engin ný gögn lágu til grundvallar sátt félagsins né yfirlýsingar fyrrum eða núverandi starfsmanna félagsins.
129. Stefnandi telur ljóst að ákvörðun um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið hafi verið taktísk rekstrarleg ákvörðun sem var talin þjóna hagsmunum félagsins á þeim tíma. Stefnandi telur ljóst að annaðhvort hafi stefndu í engu skeytt um skaðlegar afleiðingar þessara röngu yfirlýsinga fyrir stefnanda eða að það hafi beinlínis verið markmið stefndu með sáttinni að skaða stefnanda og bæta þá um leið samkeppnislega stöðu stefnda Eimskips.
130. Stefnandi telur að til grundvallar þessari ólögum ákvörðun stefnda hafi legið allnokkrar ástæður. Í fyrsta lagi hafa verulegar breytingar orðið á hluthafahópi stefnda



frá rannsóknartímabilinu en félagið var skráð á markað að nýju í upphafi árs 2012. Frá þeim tíma hefur eignarhald félagsins tekið miklum breytingum en stærsti hluthafi félagsins í dag er Samherji Holding ehf. Stefndi Vilhelm Már varð forstjóri stefnda Eimskips í janúar 2019 og var því ekki við stjórnvölinn á rannsóknartímabilinu 2008-2013. Þá hafa allnokkrir lykilstarfsmenn félagsins horfið til annarra starfa. Af þessum sökum hefur skapast nokkur fjarlægð milli núverandi stjórnenda og hluthafa við atvik í rekstri félagsins fyrir 11-16 árum síðan.

131. Opinber ummæli forstjórans og þáverandi stjórnarformanns félagsins um þetta mál og ástæðu þess að félagið ákvað að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið bera það glögggt með sér að nýir eigendur og nýir stjórnendur hafi viljað losna undan þeim bagga sem rannsóknin hafði verið á félagið og starfsmenn og eyða óvissu (dskj. 38). Horft hafi verið til heildarhagsmuna félagsins en ekki efnisþátta málsins. Í ræðu stjórnarformanns félagsins á nýafstöðnum aðalfundi var með sama hætti vísað til þess að rétt hafi verið talið á sínum tíma að ljúka málinu, sem hluta af endurskipulagningu félagsins og „*horfa fram á veginn og gefa starfsfólki vinnufrið*“ (dskj. 56).
132. Í öðru lagi er ljóst að það er afar óheppilegt fyrir félag sem er skráð á markaði að standa í langvarandi deilum við eftirlitsaðila. Mál af þessu tagi geta skapað óvissu í rekstri félagsins sem hæglega getur haft áhrif á mat fjárfesta á virði þess á markaði. Með því að ljúka málinu var óvissu eytt. Viðbrögð markaðarins sýndu glögggt áhrif þessa en þrátt fyrir að stefndi hafi með sáttinni samþykkt að greiða gríðarlega háa sekt, eða 1,5 milljarð króna, þá hafði ákvörðunin mjög góð áhrif á gengi félagsins.
133. Þetta má glögglega sjá af þróun gengis hlutabréfa stefnda vikunnar fyrir og eftir að tilkynning var send inn á markaðinn um gerð sáttarinnar. Gengi félagsins fór hæst í 322 krónur á hlut í lok apríl 2021 en lækkaði í kjölfarið nær samfellt og var orðið 281 króna á hlut 10. júní sama ár. Þegar tilkynnt var um sáttina við Samkeppniseftirlitið 16. júní 2021 var gengi félagsins 287 krónur á hlut. Gengi hlutabréfanna hækkaði verulega strax á fyrsta viðskiptadegi eftir að tilkynnt var um sáttina. Í árslok var gengi bréfanna komið í 505 kr. á hlut og hafði virði félagsins þá hækkað um 36 milljarða króna, eða tuttugu og fjórum sinnum þá fjárhæð sem félagið greiddi í sekt.
134. Við mat á ástæðum þess að stefndi gekk til umræddra samninga verður í þriðja lagi að horfa til þess að stjórnendum félagsins var ljóst að greiðsla umræddrar sektar, þótt há væri, myndi ekki valda neinum búsiþjum í rekstri félagsins. Líkt og áður er rakið birti félagið afkomuviðvörðun sama dag og tilkynnt var um gerð sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið þar sem félagið gerði grein fyrir því að afkoma þess á öðrum ársfjórðungi 2021 yrði „*umtalsvert betri*“ en á sama tíma árið áður og jafnframt betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þannig var aðlöguð EBITDA, án áhrifa sáttarinnar, sögð verða á bilinu 3,8-4,3 milljarðar króna. EBIT hagnaður hækkaði frá fyrra ári á ársfjórðungnum um sambærilega fjárhæð og sem nam sektargreiðslunni til Samkeppniseftirlitsins. Þannig má segja að stórbætt afkoma félagsins hafi „*núllað út*“ sektina og auðveldað félaginu ákvörðunina til mikilla muna (dskj. 35).
135. Þá hafa stjórnendur í fjórða lagi án efa horft til þess að með ákvörðuninni var þungu höggi komið á stefnanda. Þannig var stefndu ljóst að rangar yfirlýsingar um ætlað samráð við stefnanda myndi gera stefnanda erfiðara um vik að verjast í málinu gagnvart Samkeppniseftirlitinu. Stefndu mátti vera ljóst að játning félagsins gæti vegið þungt í sönnunarfærslu Samkeppniseftirlitsins.

136. Þá var stefndu einnig ljóst að ákvörðun félagsins um að greiða 1,5 milljarða króna í sekt myndi sjálfkrafa leiða til þess að Samkeppniseftirlitið myndi gera stefnanda enn hærri sekt. Á þeim tíma sem stefndi ákvað að undirgangast greiðslu á sektinni var eigið fé stefnanda um 2 milljarðar króna. Stjórnendum stefnda var því ljóst að með því að ganga til þessara samninga myndu þeir samtímis veita stefnanda alvarlega skráveifu enda fjárhagsstaða félaganna tveggja afar ólík.
137. Allt er þetta afleiðing þeirrar reglu sem hefur mótast í framkvæmd samkeppnisyfirvalda að aðilar að ætluðu samráði eigi að njóta þess fjárhagslega ef þeir viðurkenna sök, þá þannig að sekt verði ákvörðuð lægri en þeirra sem semja síðar eða ákveða að láta reyna á rétt sinn. Þrátt fyrir að þessi framkvæmd geti verið góðs ígildi í einhverjum tilvikum þá verður ekki fram hjá því litið að hún skapar afar óeðlilegan hvata fyrir fyrirtæki til að viðurkenna sök án raunverulegs tilefnis. Atvik og aðstæður í þessu máli eru lýsandi fyrir það hversu hættuleg þessi framkvæmd getur verið enda telur stefnandi ljóst að í þessu tilviki hafi fyrirtæki sem er með mikla yfirburði á mörkuðum málsins og gríðarlega fjárhagslega yfirburði nýtt reglurnar til að auka þá yfirburði enn frekar með röngum sakargiftum gagnvart helsta keppinauti félagsins.
138. Þá vísar stefnandi að lokum til þess sem áður hefur verið rakið um skilyrði sem stefndi ákvað að undirgangast í 3. mgr. 3. gr. sáttarinnar. Með því að fá ákvæði af þessu tagi inn í bindandi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins tókst stefnda að tryggja sér auknar heimildir til að synja stefnanda um hvers kyns lögmat viðskipti. Eins og rakið var hér að framan þá er stefndi í markaðsráðandi stöðu í sjóflutningum milli Íslands og Evrópu, í einokunarstöðu í beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og í einstakri yfirburðastöðu í öllum sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Af þeirri stöðu leiðir að félaginu væri að jafnaði skylt að eiga í viðskiptum við þá sem eftir því óska, einnig keppinauta félagsins, á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins. Með tilgreindu ákvæði í sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið hefur félagið hins vegar tryggt sér heimild til að synja stefnanda um hvers kyns viðskipti. Félagið hefur nýtt sér þessa stöðu nú þegar og þannig dregið úr getu stefnanda til að veita stefnda aðhald á sjóflutningamörkuðum, sbr. nánari umfjöllun um það efni í tengslum við tjon stefnanda hér á eftir.
139. Við mat á því hvort stefndi geti talist hafa verið í góðri trú þegar félagið ákvað að undirgangast sátt við Samkeppniseftirlitið ber síðast en ekki síst að líta til þess hvort við sáttargjörðina hafi legið ný gögn eða nýjar upplýsingar sem gætu skýrt viðsnúning félagsins frá fyrri afstöðu. Afstöðu sem félagið hafði margsinnis lýst og fært fram rök fyrir með vísan til gagna. Svárið við þeirri spurningu er einfalt. Fyrir liggur að engar nýjar upplýsingar höfðu komið fram og engin ný gögn lágu fyrir eða voru lögð fram þegar félagið gekk til sáttarinnar, hvorki af hálfu stefnda né Samkeppniseftirlitsins. Félagið ákvað einfaldlega að bjóða fram greiðslu og játa sök gegn því að vera eftirleidis laust allra mála. Stefnandi telur að sú byrði hvíli á stefnda að sýna fram á hugsanlegt réttmæti þessarar afstöðubreytingar og þá á hvaða gögnum hún kann að hafa verið reist.
140. Stefnandi telur að lokum rétt að vekja athygli á því að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að krefjast engra skýringa, gagna eða sannana frá stefnda fyrir réttmæti yfirlýsinga sem félagið gaf hvorki vera í samræmi við þær skyldur sem á stofnuninni hvíla að lögum, svo sem um að gæta hlutlægni og að leiða hið sanna og rétta í ljós. Þá skýtur það skökku við að stofnunin hafi sjálf sett skýrar reglur um það í hvaða tilvikum fyrirtæki sem aðild eiga að samráði geta átt rétt á lækkun sekta en að engar sambærilegar kröfur séu gerðar við lok mála með sátt og tilheyrandi lækkun sekta í slíkum tilvikum. Vísast

hér til reglna nr. 890/2005 en þar er gerð krafa um að fyrirtæki færi fram sönnunargögn sem teljist „mikilvæg viðbót“ við þau gögn sem stofnunin hafði þegar undir höndum og hafi „verulega þýðingu“ í málinu. Engar slíkar kröfur voru gerðar í þessu tilviki enda engum slíkum gögnum til að dreifa.

V. Tjón stefnanda og orsakatengsl

141. Sátt stefnda við Samkeppniseftirlitið og þær röngu yfirlýsingar sem þar voru gefnar af hálfu stefnda hafa nú þegar haft umtalsverð neikvæð áhrif á starfsemi stefnanda. Þar er fyrst til þess að líta að yfirlýsingar stefnda studdu við kenningar Samkeppniseftirlitsins um ætlað samráð, sem fram til þess tíma voru með öllu ósannaðar og að mati stefnanda, og reyndar stefnda einnig, fullkomlega ósannar. Yfirlýsingar stefnda gerðu stofnuninni kleift að rökstyðja ákvörðun með vísan til þess að annar aðili ætlaðs samráðs hafi þegar játað sök. Sáttin er því lykildagn í málinu fyrir Samkeppniseftirlitið. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins vísar stofnunin um það bil 500 sinnum til sáttar stefnda við umfjöllun um einstök atvik sem stofnunin telur til marks um ætlað samráð félaganna. Forstjóri stofnunarinnar hefur komið fram opinberlega og staðfest að sáttin hafi verið „mikilvægt innlegg í rannsóknina.“ (dskj. 41).
142. Yfirlýsingar stefnda hafa gert það að verkum að sönnunarstaða stefnanda í málinu er erfiðari en ella. Stefnandi var því knúinn til að leggja í gríðarlega vinnu við varnir í málinu, bæði með framlagi eigin starfsmanna og með aðkeyptri sérfræðipjónustu (dskj. 64). Það er mat stefnanda að kenningar og ályktanir Samkeppniseftirlitsins í andmælaskjali hafi verið haldlausar og án stoðar í samtímagögnum úr rekstri félaganna. Stofnunin hafði því eðli málsins samkvæmt ekki uppfyllt þær sönnunarkröfur sem á henni hvíla, gegn ítarlegum og rökstuddum skýringum og andmælum félaganna tveggja. Sú sönnunarstaða breyttist með yfirlýsingum í sátt stefnda og stefnanda því nauðsynlegt að leggja aukna vinnu í málsvörminu og leita aukinnar aðstoðar sérfræðinga í því skyni, þar sem vinnan hefur að verulegu leyti gengið út á að hnekkja yfirlýsingum stefnda.
143. Með ákvörðun stefnda um að játa sök og greiða 1,5 milljarða króna í sektir stuðlaði stefndi með beinum hætti annars vegar að því að stefnandi yrði borinn sömu sökum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og hins vegar að stefnanda yrði gerð sekt sem yrði hærri fjárhæðar. Sektin sem stefndi samþykkti að greiða er sú langhæsta sem fyrirtæki hefur greitt vegna brota gegn samkeppnislögum. Í ljósi gríðarlegs fjárhagslegs styrks stefnda og metafermi á árinu 2021 hafði sektargreiðslan hins vegar sem fyrr segir lítil áhrif á rekstur félagsins. Stefndi var því í stöðu til að koma því til leiðar að stefnanda yrði gerð sekt sem myndi valda verulegum búsifjum í rekstri félagsins. Sú varð reyndin enda var stefnanda gerð sekt að fjárhæð 4,2 milljarðar króna og það þrátt fyrir umtalsvert lakari efnahag og umtalsvert minni umsvif á þeim mörkuðum sem um ræðir. Þessa sektarfjárhæð má með beinum hætti rekja til sáttar stefnda. Á þessu stigi er óvíst hvort rangar sakargiftir stefnda muni í reynd leiða til tjóns fyrir stefnanda í formi sektarákvörðunar en stefnandi hefur krafist ógildingar á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.
144. Með því að játa sök og undirgangast jafn háa sekt og raun ber vitni stuðlaði stefndi með beinum hætti að því að óvissa skapaðist í rekstri stefnanda. Vísast til þess sem að framan greinir um þá staðreynd að stefndi vissi eða mátti vita að stefnanda yrði í kjölfarið gerð sekt enn hærri fjárhæðar af Samkeppniseftirlitinu. Einföld greining á ársreikningi stefnanda vegna ársins 2023 leiðir í ljós að sú sekt sem ákvörðuð var af Samkeppniseftirlitinu er litlu lægri en allt eigið fé stefnanda, að undanskildum óefnislegum eignum. Þessi staða stuðlar að því að lánveitendur haldi að sér höndum og

hefur það þegar gerst í rekstri stefnanda (dskj. 40). Þá veldur þessi staða ennfremur óvissu á meðal viðskiptavina félagsins, einkum þeirra stærri, og skemmri greiðslufrestum hjá birgjum. Vegna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins voru hluthafar félagsins m.a. knúnir til að leggja félaginu til 10 milljónir evra til að tryggja rekstrarhæfi félagsins.

145. Þá er ljóst að þær ásakanir í garð stefnanda sem felast í yfirlýsingum stefnda hafa valdið félaginu verulegum álitshnekki. Gríðarleg umfjöllun hefur verið um málefni félagsins í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins og hefur hún nær undantekningarlaust verið neikvæð í garð stefnanda (dskj. 48). Í þeirri umræðu hefur ítrekað verið vísað til sáttar stefnda og þeirrar stöðu að annar aðili ætlaðs samráðs hafi játað sakir. Hefur það eðli málsins samkvæmt gert það að verkum að skýringar og andsvör stefnanda hafa verið metnar ótrúverðugar af almenningi og fyrirtækjum sem ekki þekkja atvik málsins af eigin raun. Í könnun sem framkvæmd var af Gallup fyrir stefnanda í nóvember 2023 má sjá að viðhorf til stefnanda hafði versnað umtalsvert frá því í ágúst sama ár og frá fyrra ári (dskj. 49). Er það önnur þróun en sjá má af viðhorfi til annarra fyrirtækja í sambærilegri starfsemi, að stefnda undanskildum.
146. Til marks um það tjón sem vörumerki, ímynd og orðspor stefnanda hefur orðið fyrir má m.a. vísa til þess að Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR), Félag atvinnurekenda og Neytendasamtökin fengu ráðgjafafyrirtækið Analytica til að gera fjárhagslega greiningu á tjóni vegna ætlaðs samráðs skipafélaganna. „*Þetta er dýrkeypt og hrikaleg aðför að neytendum, sem ekki má endurtaka. Það væri mikill fælingarmáttur fölginn í að auðvelda neytendum að sækja skaðabætur vegna samkeppnislaga brota*“ var haft eftir Breka Karlssyni, formanni neytendasamtakanna. „*Þessar tölur varpa ljósi á það hversu dýrkeypt samkeppnisbrot geta reynst íslensku atvinnulífi. Það er mikilvægt að hafa skilvirkt samkeppniseftirlit, sem upplýsir slík brot, og sömuleiðis að afleiðingar samkeppnisbrota séu þess eðlis að þær fæli fyrirtæki frá slíku athæfi*“ sagði Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. „*Skipafélögin sýndu launafólki og neytendum í landinu algert virðingarleysi með samráði sín á milli og nú sjáum við hvað það kostaði samfélagið*“ var haft eftir Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR (dskj. 55), en allir íslensku fjölmiðlarnir fjölluðu um málið af þessu tilefni. Fleiri í forystu íslensks viðskiptalífs hafa tjáð sig um málið með svipuðum hætti og haft hefur verið eftir stjórnendum fyrirtækja að þau undirbúi skaðabótakröfur á hendur félögnum.
147. Ákvörðun stefnda um að undirgangast skilyrði í sátt við Samkeppniseftirlitið um að eiga ekki í neinum viðskiptum við stefnanda hefur að sama skapi leitt til talsverðra búsifja í rekstri stefnanda. Stefnandi hafði að meginstefnu til frá árinu 1993 átt þess kost að flytja gáma með stefnda í beinum flutningum félagsins milli Íslands og Norður-Ameríku. Eins og áður hefur komið fram er stefndi eina skipafélagið sem heldur uppi beinum áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku og er því í einokunarstöðu í þeim flutningum. Á þeim grundvelli höfðu samkeppnisyfirvöld margsinnis komist að þeirri niðurstöðu að það væri til þess fallið að auka samkeppni og veita stefnda aukið aðhald að heimila umrædd viðskipti. Með viðskiptunum gat stefnandi aukið þjónustuframboð gagnvart viðskiptavinum sínum og hafði það talsverð áhrif til hins betra í baráttunni við hið markaðsráðandi fyrirtæki.
148. Með tilgreindu skilyrði í sátt stefnda hefur félagið komið því til leiðar að það getur synjað stefnanda um viðskipti og viðhaldið einokunarstöðu á umræddri flutningaleið. Hlutdeild stefnanda í flutningum til og frá Norður-Ameríku, sem í dag fara alfarið fram með umskipun í höfnum í Evrópu og flutningum með erlendum skipafélögum, hefur

sökum þessa fallið umtalsvert (dskj. 47). Þá hefur þessi staða einnig áhrif á samkeppnishæfni stefnanda í flutningum til og frá Evrópu, þ.e. gagnvart viðskiptavinum sem leita heildarlausna í flutningum jafnt til Norður-Ameríku sem Evrópu.

149. Líkt og fram hefur komið hafa Jónar Transport hf., dótturfélag stefnanda sem starfar við flutningsmiðlun, í gegnum tíðina átt í tilfallandi viðskiptum við stefnda. Hlutverk flutningsmiðlara er að finna hagkvæmustu og bestu flutningsleiðina hverju sinni fyrir viðskiptavinum félagsins, hvort sem það er í lofti, á láði eða legi. Þar sem stefndi ber höfuð og herðar yfir önnur skipafélög á hérlendum mörkuðum er sjálfgefið að starfsemi flutningsmiðlara takmarkist verulega ef stefndi synjar þeim um viðskipti. Á það ekki síst við á flutningsleiðum þar sem stefndi er einn starfandi, svo sem í beinum flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Synjun stefnda á hvers kyns viðskiptum hefur takmarkað möguleika Jóna Transport hf. verulega á að veita stefnda og dótturfélaginu TVG Zimsen hf. fullnægjandi samkeppni á markaði. Að sama skapi hefur stefndi getað styrkt stöðu félagsins og dótturfélagsins á markaði í skjóli þessara yfirlýsinga í sáttinni.
150. Samantekið felst tjón stefnanda einkum í eftirfarandi þáttum:
- Kostnaður af gríðarlega umfangsmikilli vinnu starfsmanna og stjórnenda stefnanda við að safna upplýsingum og greina gögn, í þeim tilgangi að afsanna hinar fjölmörgu röngu staðhæfingar Samkeppniseftirlitsins og stefnda.
  - Útlagður kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu í sama tilgangi.
  - Tjón vegna sektar sem Samkeppniseftirlitið hefur ákvarðað með stoð í yfirlýsingu stefnda og ákvörðun um að greiða 1,5 milljarða stjórnvaldssekt.
  - Tjón á vörumerki, orðspori, ímynd og viðskiptavild stefnanda.
  - Tjón á samkeppnislegum hagsmunum, þar sem stefndi hefur nýtt sér sáttina og þær yfirlýsingar sem þar voru gefnar til að auka yfirburði sína á flutningamörkuðum, m.a. með því að synja stefnanda um hvers kyns viðskipti, einnig á mörkuðum þar sem stefndi er í einokunarstöðu.

#### VI. Hlutur stefnda Vilhelms Márs

151. Stefndi Vilhelm Már er framkvæmdastjóri stefnda og fer sem slíkur með daglegan rekstur félagsins, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Af sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið frá 16. júní 2021 má sjá að stefndi Vilhelm Már undirritaði hana fyrir hönd stefnda og skuldbatt þannig félagið.
152. Á því er byggt af hálfu stefnanda að stefndi Vilhelm Már hafi sýnt af sér saknæma og ólögsmæta háttsemi með því að gefa þær yfirlýsingar fyrir hönd stefnda sem í sáttinni fólust. Stefndi Vilhelm Már vissi eða mátti vita að þær yfirlýsingar voru rangar enda lá fyrir ítarleg úttekt starfsmanna og lögmanna félagsins á atvikum í rekstri félagsins og skýr afstaða sem birtist í athugasemdum félagsins við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins. Áfrýjandi telur að framangreind umfjöllun um ólögsmæti og saknæmi eigi að öllu leyti við um Vilhelm Má og þá ákvörðun hans að undirrita sátt við Samkeppniseftirlitið.

#### **TILVÍSANIR TIL LAGAÁKVÆÐA:**

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar (sakarreglunnar) og reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð. Þá vísar stefnandi til 11. gr. og 2. mgr. 41. gr. b samkeppnislaga nr. 44/2005, ákvæða XV. kafla almennra hegningarlaga nr.

19/1940 og laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, einkum 5., 13. og 14. gr.

Málskostnaðarkrafa stefnanda byggist á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

#### **SÖNNUNARFÆRSLA:**

Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram þau skjöl sem tilgreind eru hér að framan, en þau verða talin upp í skjalaskrá. Stefnandi telur þörf fyrir frekari gagnaframlagningu og skýrslugjöf við meðferð málsins ráðast af viðbrögðum stefndu við málsókn þessari.

#### **ÁSKILNAÐUR OG ÁSKORUN:**

Verði ágreiningur um málavexti áskilur stefnandi sér rétt til að leggja fram frekari skjalleg sönnunargögn og leiða vitni og til að koma fram með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ. á m. við munnlegan flutning þess. Þá áskilur stefnandi sér rétt til að leggja fram ítarlegri gögn um tjón sem hlotist hefur af ólögumætri háttsemi stefndu, þar á meðal með því að afla mats dómkvaddra matsmanna.

Stefnandi skorar á stefndu að veita upplýsingar um það hvernig staðið var að ákvörðun um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið sem undirrituð var 16. júní 2021, þar á meðal hvort ákvörðun um þetta efni var tekin af framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins. Þá er skorað á stefndu að leggja fram fundargerðir frá fundum framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins, hafi umrædd sátt við Samkeppniseftirlitið verið til umfjöllunar á þeim vettvangi. Þá áskilur stefnandi sér rétt til að sakaukastefna á síðari stigum þeim einstaklingum í framkvæmdastjórn og/eða stjórn stefnda Eimskipafélags Íslands hf. sem komu að tilgreindri ákvörðun félagsins.

#### **FYRIRKALL OG ÁSKORUN UM ÞINGSÓKN:**

Fyrir því stefnist hér með Óskari Magnússyni, kt. 130454-5699, Sámssstaðabakka, 861 Hvolsvelli, f.h. Eimskipafélags Íslands hf., kt. 690409-0460, Sundabakka 2, 104 Reykjavík, og Vilhelm Má Þorsteinssyni, kt. 010171-5989, Laxalind 8, 201 Kópavogi, til að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 16. apríl 2024 kl. 10:00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 3 dagar.

Reykjavík, 9. apríl 2024

  
Hörður Felix Harðarson, hrl.

Mér nægjanlega birt fyrir hönd  
Eimskipafélags Íslands hf., sem hefur falið mér  
að sækja þing við þingfestingu málsins.  
Fallið er frá stefnufresti.

Sanna Magnúsdóttir, lögmaður  
f. n. Ásgeirs Þórs Arnasonar, hrt.  
Reykjavík, 9/4 2024

Mér nægjanlega birt fyrir hönd  
Vilhelms Mús Þorsteinssonar, sem hefur falið mér  
að sækja þing við þingfestingu málsins.  
Fallið er frá stefnufresti.

Sanna Magnúsdóttir, lögmaður,  
f. n. Ásgeirs Þórs Arnasonar hrt.  
Reykjavík, 9/4 2024